

FROSTI FRÍDRÍKSSON

Lífsskipuleggjandi hilla frá Vegagerð ríkisins

heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Nýjar og fullbúnar íbúðir í Hafnarfirði

Sérblað um fasteignir

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HÍBÝLI

Heimatilbúnar heilsulindir og fallett veggskraut

Sérblað um hífyl og bað

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. maí 2008 – 122. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

Hef alla tíð verið mikill fréttahaukur

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir er nýr ritstjóri 24 stunda.

TÍMAMÓT 18



## Queen Raquela til LA

Ólafur Jóhannesson heldur með The Amazing Truth About Queen Raquela á kvikmyndahátíðina í LA í júní og heim-sækir Skywalker Ranch í leiðinni.

FÓLK 30

## Í órétti

„Ekki er hægt að una því að stelpa nýorðin ellefu, með Asperger-heilkenni, sé gerð að glæpamanni“, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16

## Ólafur var allt í öllu

Ólafur Stefánsson var besti maður Ciudad Real í tapleik gegn Kiel í gær.

ÍÞRÓTTIR 24



## VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMA NÁLGAST í dag verður yfirleitt hæg suðaustlæg átt en þó strekkingur úti við suðurströndina. Bjartviðri norðanlands fram eftir degi en fer að rigna sunnan til þegar líður á daginn. Hlýtt í veðri.

VEÐUR 4

# Einhleypar konur öðlast rétt til tæknifrjógana

Einhleypar konur fá rétt til að gangast undir tæknifrjóganir ef breytingatillögur heilbrigðisráðherra ná fram að ganga. Ákvæði um hámarksaldur felld brott og reglur rýmkaðar út frá jafnréttissjónarmiðum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæknifrjögung mun standa einhleypum íslenskum konum sem vilja eignast börn til boða ef niðurstöður og breytingatillögur nefndar sem Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra skipaði síðasta haust ná fram að ganga.

Nefnd heilbrigðisráðherra skiladi af sér niðurstöðum um endurskoðun laga um tæknifrjóganir á föstudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kynnti ráðherra frumvarp um málið á ríkisstjórnarfundum á föstudag og verður það

lagt fyrir á Alþingi í vikunni. „Sanngirni og jafnréttissjónarmið sem ég hef kallað eftir í þessum málum eru höfð að leiðarljósi í þessum niðurstöðum,“ segir Guðlaugur Þór um breytingarnar.

Meginbreytingin sem niðurstöður nefndarinnar fela í sér eru að með þeim munu einhleypar konur eiga sama rétt að gangast undir tæknifrjóganir og aðrar konur. Auk þess er gert ráð fyrir því að skilyrði nógildandi laga um hámarksaldur kvenna sem gangast undir slíka aðgerð verði breytt.

Ástand hvernar konu verði fremur metið fyrir sig. Þó verður óheimilt að framkvæma tæknifrjögung á konum sem komnar eru yfir það sem telja verður eðlilegan barn eignaraldur.

Þá er kveðið á um að ráðherra fái heimild til að setja leiðbeinandi reglur um hámarksfjölda fósturvísa sem settir eru upp í leg konu í tæknifrjögung með því markmiði að fækka fjölburaefingum eins og hægt er.

Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir fram-

kvæmd tæknifrjögungarmeðferðar. Til að mynda er lagt til að felld verði á brott lagaskilyrði um að tæknifrjögung sé einungis heimilud þegar aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist.

Einnig er lagt til að kærunefnd sem starfað hefur á grundvelli laga um tæknifrjögung og ætlað er að fjalla um synjun læknis um tæknifrjögung verði lögð niður. Slík mál gangi í staðinn til landlæknis og þaðan verði hægt að kæra þau til ráðuneytisins.

- kdk



**BANASLYS Í KÖMBUNUM** Karlmaður á sjötugsaldri lét lífið eftir að hafa misst stjórn á bíl sínum í beygju í Kömbunum skammt ofan Hveragerðis. Bíllinn steyptist fram af háum klettum og maðurinn kastaðist út úr honum. Sjá síðu 2

## Sifjaspellsmálið í Austurríki: Nýjar hryllingslýsingar birtar

**AUSTURRÍKI** Nýjar skelfilegar lýsingar á nærri aldarfjórðungs harðræðisvist dóttur Josefs Fritzl og barna þeirra í kjallara húss hans í Amstetten í Austurríki birtast í nýjasta hefti þýska vikuritsins Der Spiegel.



JOSEF FRITZL

Þar kemur meðal annars fram að í þrisundinni nauðgaði Fritzl dótturinni reglulega. Þar sem dýflissan var fram til 1993 bara eitt herbergi urðu þrjú barna hennar vitni að nauðgununum. Eftir að vistarverurnar voru stækkaðar fóru uppáferðirnar fram bak við luktur dyr.

Rannsókn málsins heldur áfram. Að því er mágkona Fritzl greindi frá í viðtali í gær var hann árið 1967 dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir nauðgun.

- aa

Borgarstjóri gagnrýnir vinningstillögu um skipulag Vatnsmýrarinnar:


## Segja skipulagsmál í uppnámi

**BORGARMÁL** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri lagði fram tillögu í borgarráði 14. febrúar um að komið yrði á laggirnar stýrihópi til að vinna frekar að heildarskipulagi Vatnsmýrarinnar samkvæmt vinningstillögu um framtíðarsýn svæðisins. Ólafur

gagnrýnir nú vinningstillöguna hart og segir að ef ekki verði hætt að vinna samkvæmt henni geti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir þróun og uppbyggingu Vatnsmýrarinnar. Minnihlutinn í borginni telur að borgarstjóri verði að skýra orð

sín því annars séu skipulagsmál borgarinnar í uppnámi.

Asta Þorleifsdóttir, fulltrúi F-lista í stýrihópnum, segir að skilja megi orð borgarstjóra um vinningstillöguna sem svo að hann vilji slá hana út af borðinu. Það sé þó ekki raunin. - shá / sjá síðu 4



## Við stöndum upp úr

Fréttablaðið er með 64,20% meiri lestur en 24 stundir og 91,44% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára skv. könnun Capacent. l.nóv. 2007-31. jan. 2008

Kafbátur mánaðarins  
**Skinkubátur**  
6 tommu bátur  
**329 kr.**  
SUBWAY  
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.  
HjartaHeill

TENGI  
Sundance Spas  
Heilsunuddpottar  
2008 línan komin  
Opíð virka daga frá 8-18  
laugardaga frá 10-15  
Smíðjuvegi 76 Baldursnesi 6  
Kópavogi Akureyri  
Sími 414 1000 Sími 414 1050



Dórarinn, ertu hjartgöður?

„Já, allavega Hjartaheill og við vorum hjartanlega sammála að lokum.“

Dórarinn Guðnason er formaður Félags sjálfstætt starfandi hjartalækna en samningar náðust á laugardaginn milli hjartalækna og samninganefndar heilbrigðisráðherra eftir riflega tveggja ára samningsleysi.

### Tvöföldun Reykjanesbrautar: Framkvæmdir hefjast í dag

**SAMGÖNGUMÁL** Ístak hf. mun ljúka við framkvæmdir vegna tvöföldunar Reykjanesbrautarinnar milli Strandaheiðar og Njarðvíkur. Var samningur þessa efnis undirritaður á föstudaginn milli fyrirtækisins og Vegagerðarinnar eftir endurútboð sem haldið var enda hafði fyrri verktaki, Jarðvélar, sagt sig frá verkinu í desember 2007. Vegagerðin hafði áður hafnað tilbodi Adakris og Topp-verktaka þar sem verktakinn stóðst ekki kröfur Vegagerðarinnar. Tilboð Ístaks hljóðar upp á riflega 807 milljónir króna og er áætlað að hefja framkvæmdir í dag, mánudag. Þá er stefnt að því að 16. október verði unnt að aka útboðskaflann á fjórum akreinum. - ovd

### Erindrekar Dali Lama: Viðræður við Kínastjórn

**KÍNA, AP** Erindrekar útlagastjórnar Tíbeta áttu í gær fund með fulltrúum Kínastjórnar í borginni



**HU JINTAO** Pegar fundurinn var að hefjast sagði Hu Jintao Kínaforseti að hann vonaðist til „jákvæðrar niðurstöðu“ og að „dyr samræðu yrðu áfram opnar“ að því er Xinhuafréttastofan greindi frá. Mikill alþjóðlegur þrýstingur hefur verið á Kínastjórn að ræða við útlagastjórn Dalai Lama fyrir Ólympíuleikana í Peking í sumar. - aa

## Karlmaður á sjötugsaldri lést þegar bíll hans fór út af í Kömbunum: Banaslys á Suðurlandsvegi

**BÍLSLYS** Karlmaður á sjötugsaldri lést þegar bifreið hans fór út af Suðurlandsvegi á þriðja tímanum í gær. Svo virðist sem maðurinn, sem var einn í bílnum, hafi ekið pallbíll sínum út af í beygju neðarlega í Kömbum ofan Hveragerðis og hrapað niður töluverða vegalengd. Maðurinn var ekki í bílbelti og kastaðist hann út úr bílnum við slysið. Var hann úrskurðaður látinn á vettvangi. Mikill viðbúnaður var vegna slyssins, lögregla og sjúkráflutningamenn kvódd á vettvang auk þess sem þyrja Landhelgisgæslunnar var kölluð út.



**BÍLLINN Í HLÍÐINI** Tildrög slyssins eru enn ókunn.

MYND/KÁRI

Henni var svo snúið við. Tildrög slyssins eru ókunn en málið er í rannsókn hjá lögreglu- unni á Selfossi sem biður hugsanleg vitni að slysinu að hafa samband í síma 480 1010. - ovd

## Séra Gunnar tjáir sig ekki um meint brot

Séra Gunnar Björnsson, sóknarprestur á Selfossi, vill ekki tjá sig um kærur tveggja unglingsstúlkna á hendur honum fyrir kynferðisbrot. Skýrslur verða teknar af þeim í byrjun vikunnar. Tvær stúlkur til viðbótar íhuga að kæra.

**LÖGREGLUMÁL** „Ég held að það sé ekki skynsamlegt á þessu stigi að ég tjái mig um málið,“ segir séra Gunnar Björnsson, sem hefur verið kærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum á Selfossi. Gunnar er farinn í hálfis árs leyfi frá störfum á meðan málið er í rannsókn. „Málið er í eðlilegu rannsóknarferli og það væri ekki rétt af mér að tjá mig um það,“ segir Gunnar.



**STÚLKURNAR** Tvær eru sextán og sautján ára sóknarborn og hafa báðar verið virkar í kórstarfi kirkjunnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ná meint brot Gunnars nokkur ár aftur í tímann. Auk þess munu tvær stúlkur til viðbótar íhuga að kæra Gunnar fyrir sömu sakir. Gunnar segist hafa átt inni frí eftir langan starfsaldur. „Eftir 36 ára prestsskapinn minn þá átti ég inni heilmikið af réttindum til að fá leyfi frá störfum og þegar þessi ásökun kom þá fannst mér upplagt að nota bara tækifærið og drífa mig í frí.“ Hann kveðst ekkert geta sagt um það hvað hann mun taka sér fyrir hendur þennan tíma, eða hvort hann hyggst dvelja áfram á Selfossi. Upp komst um málið þegar foreldrar annarrar stúlkunnar leituðu með það til formanns sóknarnefndar, sem vísaði þeim til



**SELFOSKIRKJA** Séra Eiríkur Jóhannesson í Hrúna messaði í Selfoskirkju í gær. Séra Gunnar Björnsson er farinn í hálfis árs leyfi frá störfum.

Biskupsstofu. Þangað kom málið 30. apríl. Þar var málið tekið fyrir í sérstökum fagráði á vegum Þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota. Ráðið vísaði málinu til Barnaverndarnefndar sem hafði samband síðan við lögreglu. Kærurnar tvær bárust nokkrum dögum seinna. Skýrslur verða teknar nú í byrjun vikunnar af stúlkunum tveimur, en þegar er búið að yfihayra séra Gunnar stuttlega. Rannsóknin er á algjöru frumstigi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins flokkast meint brot Gunnars sem kynferðisleg áreitni, en ekki kynferðislegt ofbeldi af alvarlegasta tagi. Þá mun þetta vera í fyrsta sinn sem fagráð Þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota fjallar um mál tengt Gunnari. Íbúar á Selfossi eru slegnir yfir fréttum af kærunum. „Þetta „sjokkerar“ auðvitað alla,“ segir Eysteinn Óskar Jónasson, formaður sóknarnefndar. Hann segir sóknarnefndina þó ekki í aðstöðu til að afhafast nokkuð vegna málsins. stigurf@frettabladid.is

### Brenndist nokkuð á höndum: Eldur í íbúð í Njarðvík

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður brenndist nokkuð á höndum og fékk snert af reykeirun þegar eldur kom upp á efri hæð íbúðarhúss í Njarðvík laust fyrir hádegi í gær. Höfðu íbúar hússins náð að slökkva eldinn þegar lögregla og slökkvilið komu á staðinn en mikill reykur var í húsinu. Er talið að eldurinn hafi kviknað í út frá rafmagni og borist í sjónvarp. Brenndist maðurinn þegar hann reyndi að koma sjónvarpinu út úr íbúðinni og var hann fluttur með sjúkrabifreið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til skoðunar. - ovd

### Árekstur á Miklubraut: Tveir fluttir á slysadeild

**LÖGREGLUMÁL** Tveir voru fluttir á slysadeild eftir árekstur tveggja fólksbíla á Miklubraut laust fyrir klukkan eitt aðfaranótt sunnudagsins. Tildrög slyssins eru að ökuumaður annars bílsins, sem grunaður er um ölvun, missti stjórn á bíl sínum neðan við Ártúnsbrekkuna, ók yfir umferðareyju milli aðreina og í veg fyrir bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Voru ökuumaður og farþegi þess bíls fluttir á slysadeild en meiðsl þeirra ekki talin alvarleg. Þurfti slökkvilið að beita klippum til að ná fólkinu úr bílnum sem taldir eru ónýtir. - ovd

### Skemmtiferðaskip strandar: Nærri 1.000 manns á skeri

**LETTLAND, AP** Skemmtiferðaskipið Mona Lisa strandaði í gærmorgun í Eystrasalti, norðvestur af strönd Lettlands. 984 voru um borð, flestir þýskir ferðamenn, en engan sakaði. Björgunaraðgerðir hófust í gærkvöldi og voru þrjár dráttar bátar notaðir til þess að reyna að losa skipið. Hópur kafara verða losnar til þess að rannsaka hvort skemmdir hafa orðið á búk þess. Við fyrstu sýn virtist þó allt vera í lagi. Farþegar skipsins voru ekki fluttir frá borði fyrr en í gærkvöldi þegar byrjað var að reyna að losa skipið. - kka

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Sportbílur við Ánanaust** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kom í veg fyrir kappakstur þegar fjöldi ökumanna sportbíla safnaðist saman á bílum sínum við Ánanaust seint á laugardagskvöldið. Er talið að bílarnir hafi verið á bilinu 40 til 60 talsins.

**HEIMSSPORPIÐ** Háskólinn í Reykjavík er sudupottur þekkingar frá ólíkum samfélögum og menningarheimum þar sem starfa kennarar frá 23 löndum. Umsóknarfrestur er til 30. maí Kynntu þér námið á [www.hr.is](http://www.hr.is)

## Loftrýmisseftirlit Atlantshafsbandalagsins yfir Íslandi að hefjast: Franskar þotur til landsins í dag

**VARNARMÁL** Fjórar Mirage 2000-orrustuþotur úr franska flughernum koma hingað til lands í dag til að sinna svonefndu loftrýmisseftirliti fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og Atlantshafsbandalagsins næstu tvo mánuðina. Þotunum fylgir 120 manna sveit franskra hermanna sem munu hafa aðsetur þennan tíma á Keflavíkurflugvelli.



**MIRAGE-ORRUSTUÞOTA** Fjórar slíkar munu dvelja hér næstu átta vikur. NORDICPHOTOS/APF

Samkomulagið um þetta loftrýmisseftirlit má rekja til eftirmála brottfarar bandaríska varnarlögsins frá Íslandi árið 2006. Íslenska flugstjórnarsvæðið er mjög stórt og umferð um það mikil. Samkvæmt reglum Atlantshafsbandalagsins er gert ráð fyrir að öll lofthelgi bandalagsins njóti sambærilegrar verndar og því lagði hermálanefnd þess til, í kjölfar beiðni þar að lútandi frá íslenskum stjórnvöldum, að þær aðildarþjóðir bandalagsins sem hafa yfir flugher að ráða skiptust á um að sinna í takmarkaðan tíma í senn loftrýmisseftirliti á Íslandi. Þetta fyrirkomulag er að nokkru leyti að fyrirmynd þess sem viðhaft hefur verið í Eystrasaltslöndunum og Slóveníu frá því þessi loftherslusu lönd gengu í NATO árið 2004. Franska flugsveitin riður á vaðið en eftir brottför hennar í sumar kemur hingað bandarísk flugsveit. Á næstu misserum munu síðan flugsveitir fleiri NATO-ríkja skiptast á um að dvelja hér, þar á meðal frá Danmörku, Noregi, Spáni og Þýskalandi. - aa

# Hringdu **frítt** í alla hjá Nova!

**0 kr.**

**Nova í Nova**

Símtöl, myndsímtöl, SMS  
og MMS milli viðskiptavina  
Nova kosta ekki krónu!

Hjá Nova fylgja 1.000 mínútur í símtöl/myndsímtöl  
og 500 SMS/MMS á mánuði í áskrift og frelsi.  
Skiptu yfir til Nova og taktu vini þína með þér!

NOKIA  
6120



**0 kr.** útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Sony Ericsson  
K660i



**0 kr.** útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

SAMSUNG  
L760



**0 kr.** útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Þú getur flutt símanúmerið þitt með þér til Nova!  
Tilboðin gilda bæði í áskrift og frelsi.

**2000 kr.**  
notkun á mánuði  
í 12 mánuði  
fylgir öllum síma-  
tilboðum hjá Nova!

**NOVA**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Nova | Verslanir Lág múla, Smáralind og Kringlunni | Þjónustuver 519 1919

[www.nova.is](http://www.nova.is)

GENGIÐ 02.05.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	74,79	75,15
Sterlingspund	148,8	149,52
Evra	115,6	116,24
Dönsk króna	15,488	15,578
Norsk króna	14,565	14,651
Svænsk króna	12,355	12,427
Japansk jen	0,7139	0,7181

SDR 121,19 121,91

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

149,7958

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VAKNAÐ AF DVALA Mikið öskufall kemur úr gosinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldgos veldur usla í Chile:

## Púsundir íbúa flýja heimili sín

**CHILE, AP** Gos hófst í eldfjallinu Chaitein í Suður-Chile á föstudag með þeim afleiðingum að yfir 4.000 íbúar í nágrenni þess þurftu að flýja heimili sín um helgina.

Gosið kom jarðfræðingum á óvart þar sem eldfjallið hafði legið í dvala í 9.000 ár hið minnsta og hafði því enginn átt von á gosi.

Fólk sem býr í grennd við fjallið hafur verið varað við því að drekka kranavatn þar sem þykkt lag ösku liggur nú á mörgum vatnsbólum, en yfirvöld hafa dreift flöskuvatni og grimum til íbúa á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir öskufalli. Michelle Bachellet forseti heimsótti hamfarasvæðið í gær, sunnudag. - vp/aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fótbrotnaði á skíðum

Tíu ára stúlka fótbrotnaði þegar hún datt á skíðum á skíðasvæði við Kröflu í Mývatnssveit um miðjan dag í gær. Var hún flutt með sjúkrahúsi til Akureyri til aðhlyningar.

### Steingrímsfjarðarheiði

Tveir voru fluttir með minniháttar meiðsl á heilsugæslustöðina á Hólmanvík eftir árekstur fólksbils og jeppings á Steingrímsfjarðarheiði laust fyrir klukkan sex á sunnudag. Aðstæður á slysstað voru slæmar, slydda og töluverður krapí. Hvorugur bíllanna er ökufær.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kallað að hjólhýsageymslusvæði í Bryggjuhverfi:

# Tvö hjólhýsi gjöreylögðust í eldsvoða

**ELDUR** Tvö hjólhýsi eyðilögðust í bruna á geymslusvæði fyrir hjólhýsi við Naustabryggju í Bryggjuhverfi í gærmorgun.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fékk tilkynningu um eldinn laust fyrir klukkan sex og voru hjólhýsin alelda þegar slökkvilið kom á staðinn. Gekkt slökkvistarfi í fyrstu út á að verja hjólhýsi sem stóðu við hlið þeirra sem brunnu og tókst það að mestu leyti utan þess sem þriðja hjólhýsið sviðnaði lítillaga.

Að sögn varðstjóra myndadist stór eldhnöttur þegar gaskútar í hjólhýsunum sprangu en þar sem

kúturnir voru báðir úr trefjaefnum var hættan af sprengingunni minni en ella.

Hjólhýsin eru í eigu hjólhýsa-leigu sem notað hefur malarplan, vestanvert við Bryggjuhverfið, sem geymslusvæði. Vindur stóð af suðaustri sem blés reyknum á haf út. Gekkt slökkviliði vel að ráða niðurlögum eldsins og lauk slökkvistarfi laust fyrir klukkan sjö. Eldsupptök eru ókunn en rannsókn stendur yfir.

**BRUNNIN HJÓLHÝSIN** Tvö hjólhýsi eyðilögðust og það þriðja skemmdist í eldi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



# Gagnrýni borgarstjóra setur skipulagsmál í uppnám

Ólafur F. Magnússon gagnrýnir vinningstillögu um Vatnsmýrina hart en kom á fót stýrihópi í febrúar til að vinna áfram með hana. Fulltrúi F-listans segir hann ekki vilja slá hugmyndirnar út af borðinu þótt skilja megi orð hans svo. Minnihlutinn í borgarstjórn segir orð borgarstjóra setja skipulagsmál í uppnám.

**BORGARMÁL** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri lagði fram tillögu í borgarráði 14. febrúar um að komið yrði á laggirnar stýrihópi til að vinna frekar að heildarskipulagi Vatnsmýrarinnar samkvæmt vinningstillögu um framtíðarsýn svæðisins. Ólafur gagnrýnir nú vinningstillöguna hart og segir að ef ekki verði hætt að vinna samkvæmt henni geti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir þróun og uppbyggingu Vatnsmýrarinnar. Minnihlutinn í borginni telur að borgarstjóri verði að skýra orð sín því annars séu skipulagsmál borgarinnar í uppnámi.

Ásta Þorleifsdóttir, fulltrúi F-lista í stýrihópnum, segir að skilja megi orð borgarstjóra um vinningstillöguna sem svo að hann vilji slá hana út af borðinu. Það sé þó ekki raunin. „Það eru kostir og gallar við tillöguna og það er erfið að vinna með hana ef menn vilja halda í flugvöllinn að einhverju leyti. Það eru ákveðin svæði sem hægt er að vinna með samkvæmt tillögunni og ég hefði viljað sjá hana þróaða áfram með flugvöll í Vatnsmýrinni. Eg tel að Ólafur deili þessari skoðun minni.“

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, telur að borgarstjóri standi einn gegn skoðun allra annarra borgarfulltrúa. „Það er því tvennt í stöðunni. Það er ekkert að marka borgarstjórn eða sjálfstæðismenn ætla að láta hann kúga meirihluta borgarstjórnar til að víkja frá vinningstillögunni.“ Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson,



VATNSMÝRIN Vinningstillaga skipulags Vatnsmýrarinnar gerir ekki ráð fyrir flugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

kemur yfirlýsing borgarstjóra eins og þruga úr heiðskíru lofti. Manni sýnist að Ólafur ætli ekki að draga í land og Sjálfstæðisflokkurinn ætli að leyfa Ólafi að hafa sína skoðun en hafa hana í raun að engu.“

Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, telur að borgarstjóri standi einn gegn skoðun allra annarra borgarfulltrúa. „Það er því tvennt í stöðunni. Það er ekkert að marka borgarstjórn eða sjálfstæðismenn ætla að láta hann kúga meirihluta borgarstjórnar til að víkja frá vinningstillögunni.“

oddviti Sjálfstæðisflokksins, segist hafa gott samráð við borgarstjóra um þá skipulagsvinnu sem fer fram vegna Vatnsmýrarinnar og að efasemdir hans lúti að tengingu samgangna við svæðið. Hann segir að stýrihópurinn fjalli eingöngu um jaðarsvæði en ekki flugvallarsvæðið sjálft og því ekkert til í þeim orðum minnihlutans að skipulagsmál jaðarsvæða flugvallarins séu í uppnámi. „Ég tel þetta starf í eðlilegum farvegi og ber fullt traust til þeirra sem leiða verkefnið.“

Ekki náðist í borgarstjóra við vinnslu fréttarinnar í gær.

svavar@frettabladid.is

### UMRÆÐA UM VINNINGSTILLÖGUNA

Ólafur F. Magnússon á laugardag: „Raunar er það sérstakt áhyggjuefni að þessi tillaga sem vann hugmyndasamkeppni ber þess að mínu mati vott að hún er ekki unnin af fólki sem ber nægilegt skynbragð á taktinn og þarfmar í íslensku samfélagi. Það jaðrar við að ef þessi tillaga fer ekki að hætta að trufla skipulagsvinnu í borginni verði hér skipulagsklúður sem hefði alvarlegar afleiðingar með þróun og uppbyggingu í Vatnsmýri, hvort sem við erum fylgjandi flugvelli eða ekki.“



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Ólafur F. Magnússon: Fréttablaðið 15. febrúar. „Það væri fráleitt að bregða fæti fyrir þessa vinnu á þessu stigi. Það liggur fyrir að þessar tillögur munu nýtast, hvort sem flugvöllur verður áfram í Vatnsmýri eða ekki.“

Úr bókun Ólafs F. Magnússonar og borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins á borgarráðsfundum 14. febrúar: „Á tímabilinu verður að sjálfsgöðu unnið á jaðarsvæðum flugvallarins, svo sem við Háskólann í Reykjavík, og einnig verða niðurstöður hugmyndasamkeppni um skipulag í Vatnsmýrinni kynntar. Þetta er í fullu samræmi við samþykktu tillögu um Vatnsmýrina.“

→ flugfelag.is

# Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Allt af ódýrast á netinu  
www.flugfelag.is

## VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson**  
veðurfræðingur

**RÓLEGHEIT Í VEÐRINU**  
Veðurhorfurnar eru einna bestar fyrir norðanvert landið, bæði í dag og næstu daga. Mér sýnist á öllu að þar verði víða bjart veður í dag en að það þykkni upp smám saman síðdegis. Á morgun verður þar líklega bjart með köflum í hægum vindi. Hiti verður um 10-16 stig þar um slóðir.

**Á MORGUN**  
3-8 m/s en þó stíflari allra syd.

**MÍÐVIKUDAGUR**  
Hæg, breytileg átt.

**HEIMURINN**

- Kaupmannahöfn 15°
- Billund 18°
- Ósló 20°
- Stokkhólmur 18°
- Gautaborg 18°
- London 17°
- Paris 22°
- Frankfurt 18°
- Friedrichshafen 21°
- Berlín 19°
- Alicante 27°
- Mallorca 22°
- Basel 17°
- Eindhoven 19°
- Las Palmas 24°
- New York 22°
- Orlando 31°
- San Francisco 22°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

**Tal**

# VILTU LÆKKA SÍMREIKNINGINN?

FÁÐU ALLAN PAKKANN FRÁ 3.990 KR. Á MÁNUÐI



**HEIMASÍMI**



**NET**



**GSM**

Ef þú kaupir allan pakkann á [www.tal.is](http://www.tal.is) og greiðir með kreditkort  
færðu fyrsta mánuðinn frían. Frítt í alla heimasíma innanlands,  
14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.\*

\*Samkvæmt skilmálum.

© 2011 TAL

[www.tal.is](http://www.tal.is) | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | [tal@tal.is](mailto:tal@tal.is)

**KJÖRKASSINN**



Ert þú fylgjandi framboði Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?

Já	24,1%
Nei	75,9%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Sækir þú listasöfn?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Formaður BSRB sendi ráðherrum ítrekunarbréf um fund vegna kjarasamninga:

## Vill að ríkisstjórnin sýni lífsmark

**VINNUMARKAÐUR** „Ef ríkisstjórninni er einhver alvara um að gengið verði frá kjarasamningum hið fyrsta þá er það minnst sem hún getur gert að sýna eitthvert lífsmark,“ segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB. Ögmundur sendi í gær formlegt bréf til forsætis-, utanríkis-, fjármála- og félagsmálaráðherra þar sem áréttaðar eru óskir BSRB um fund með ráðherrunum. Segir hann stjórn BSRB hafa átt fund með samninganefnd ríkisins á föstudaginn sem ítrekað hefði fyrri kröfur um að gerður yrði samningur til langs tíma. „Við á hinn bóginn höfum óskað eftir skammtímasamningi og viljum nú fá fund með ríkisstjórninni til þess að fá hana til að skýra hvernig það gangi upp að lofa umtalsverðum kjarabótum til umönnunarstétta og ýmissa hópa innan almannaþjónustunnar annars vegar og hins vegar að leggja fram tilboð um langtímasamning út kjörtímabilið þar sem hvergi bólar á efdum slíkra loforða.“



ÖGMUNDUR JÓNASSON Formanni BSRB finnst liggja á að fá svar frá ríkisstjórninni.

Segir Ögmundur bréfið sent til að ítreka þessar óskir vegna þess að þeim finnst liggja á að fá upp á borðið hver viðhorf ríkisstjórnarinnar eru. „En við höfum engin viðbrögð fengið frá ríkisstjórninni.“ - ovd

Kúba fetar inn í 21. öldina:

## Einkatölvur loks leyfilegar

**KÚBA** Heimilistölvur fóru í fyrsta skipti á löglega sölu í Havana, höfuðborg Kúbu, í síðustu viku. Að því er fram kemur á fréttavef breska ríkisútvarpsins BBC hefur Raúl Castro slakað á ýmsum reglum varðandi innflutning á neysluvörum síðan hann tók við embætti forseta í febrúar og er tölvusalan ein af afleiðingum þess. Fjöldi fólks safnaðist saman í Carlos III verlsunarmiðstöðinni í Havana þegar fyrstu tölvurnar birtust í búðunum, en flestir voru þó aðeins að skoða þær en tölvurnar kosta að jafnaði um fertugföld mánaðarlaun kúbversks launþega. - vþ

**-2kr.**



Sæktu um ÓB-lykilinn á [www.ob.is](http://www.ob.is)



MIKIÐ TJÓN Vegfarendur í Rangún ganga hjá föllum trjám og rafmagnslínunum á götu í borginni.

NORDICPHOTOS/AFP

## KÓPAVOGSDAGAR

### Dagskráin í dag 5. maí

#### Grunnskólar Kópavogs

„Mjög er tungan málað“

Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn brunar í gegnum Bólu-Hjálmars í grunnskólum Kópavogs á 50 mínútum.

#### Leikskólar Kópavogs

##### Óskin

Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Skemmtilegt ævintýri með söngvum í flutningi Einleikhússins.

10:00

#### Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.

##### Valur hvalur

Ævintýri fyrir börn á leikskólaaldri í umsjón starfsfólks Náttúrufræðistofu og Bókasafns. Fjörugt fræðsluerindi í máli og myndum. Pantar þarf tíma í síma 570 0450.

18:00

#### Salurinn

##### Vortónleikar Fjölmenntar

Hljómsveitin Plútó og Hraðakstur bannaður, söngsveitin Prins Póló, Tónakórinn, Hrynsveitin o.fl. hljómsveitir spila og syngja.

Á alla viðburði Kópavogsdaga er ókeypis nema annað sé tekið fram.

Nánari dagskrá á [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) eða í síma 570 1500.

**Allir Kópavogsbúar og aðrir gestir hjartanlega velkomnir!**



**5125050**

## Hamfarir í Búrma

Hundruð manna fórust í fellibyl í Búrma. Rangún varð rafmagnslaus og þúsundir manna misstu heimili sín. Skorað á alþjóðasamfélagið að veita neyðaraðstoð.

**BÚRMA, AP** Minnst 350 manns hafa farist í Búrma (Myanmar) af völdum fellibyls sem gekk á land þar um helgina. Rafmagn fór af í gömlu höfuðborginni Rangún (Yangon) og þúsundir heimila eyðilögðust, að því er ríkisfjölmiðlar í landinu greindu frá.

Á Myaddy-sjónvarpsstöðinni, sem rekin er af Búrmaher, var sagt að fimm sýslur hefðu verið lýstar hamfarasvæði. Vindhraði í fellibylnum, sem gefið var nafnið Nargis, fór allt upp í 190 km/klst. eða 50 metra á sekúndu.

Minnst 351 maður voru sagðir hafa látið lífið í veðurofsanum, þar af voru 162 íbúar Haing Gyi-eyju

undan suðvesturströnd landsins. Þar voru 90.000 manns sagðir hafa misst heimili sín. Flestir hinna sem fórust bjuggu á láglendi við ósa Irrawaddy-fljóts. Þrjú af hverjum fjórum húsum í bænum Labutta, sem þar er, voru sögð hafa hrundið.

Veðurstofa Búrma hafði spáð því að sjávarborð við ströndina þar sem fellibylurinn gekk yfir gæti hækkað um allt að 3,7 metra yfir venjulegt stórstraumsflóð. Erfitt var að fá staðfestingu á því í gær hver sjávarhæðin hefði í raun orðið.

Mannúðarhjálp Sameinuðu þjóðanna reyndi að senda fulltrúa á vettvang til að leggja mat á ástand-

ið í gær, en rofnar samgöngur og fjarskipti gerðu þeim erfitt fyrir.

Vitni í Rangún sögðu þökin hafa svipst af hundruðum húsa og rafmagn hefði farið af í allri borginni. Alþjóðaflugvöllurinn var lokaður og innanlandsflugumferð var beint til Mandalay, 560 kílómetrum norðar.

Talsmenn lýðræðissinnuðu stjórnarandstöðunna í Búrma og andófsmenn herforingjastjórnarinnar í útleög hvöttu alþjóðasamfélagið til að veita alla þá neyðaraðstoð sem unnt væri og skoruðu á herforingjastjórnina að hindra ekki hjálparstofnanir í að athafna sig í landinu. [audunn@frettabladid.is](mailto:audunn@frettabladid.is)

Ný hagspá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins:

## Samdrætti spáð á Íslandi

**EFNAHAGSMÁL** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, hefur nú tekið upp á þeirri nýlundu að birta einnig hagspár fyrir EFTA-ríkin Ísland, Noreg og Sviss í tengslum við hagspá sína fyrir ESB-ríkin 27 sem stofnunin birtir á hálfis árs fresti. Í nýjustu skýrslunni sem kom út nú um mánaðamótin er því spáð að hagvöxtur á Íslandi verði rúm 5 prósent á þessu ári en skreppi enn frekar saman á árinu 2009 og stefni þá jafnvel í að verða neikvæður.

„Freakari samdráttarhættur sem er að rekja til óvissunnar af völd-

um lánsfjákræppunnar, gengisfalls krónunnar og vaxandi atvinnuleysis gætu leitt til neikvæðs hagvaxtar á árinu 2009,“ segir í kaflanum um Ísland.

Sagt er líklegt að atvinnuleysi allt að því tvöfaldist á næsta ári. Hins vegar er því spáð að það hægi á verðbólgu, „að hluta til vegna aðgerða stjórnvalda til að lækka matvælavæðing,“ og að hratt muni ganga á viðskiptahallann vegna minni eftirspurnar eftir innfluttum vörum og bættrar stöðu útflutningsatvinnugreinnanna. - aa



SPÁ FRÁ BRUSSEL Framkvæmdastjórn ESB tekur Ísland nú með í hagspá sína.

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!

MEÐ ÞIG  
Í HUGA

## SLÁÐU Í GEGN MEÐ FLOTTUM LJÓSMYNDUM



**OLYMPUS**

Mju-770SW

- 7.1 Milljón pixlar
- Þolir fall úr 1.5 metra hæð
- Frostþolin (-10°C)
- Þolir 100 kg. þrýsting
- 3x aðdráttur í linsu

Verð: 38.900 kr

**TILBOÐSVERÐ: 32.900 kr**

Engin venjuleg myndavél.

VATNSHELD

HÖGGHELD



**OLYMPUS**

Mju-840

Ótrúlega mikið  
fyrir lítið.

- 8.0 Milljón pixlar
- 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
- Innbyggð hristivörn
- Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
- 20 innbyggðar stillingar
- Face Detection fyrir góðar andlitsmyndir
- ISO 64-1600 ljósnæmni
- Tekur video með hljóði
- Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

Verð: 29.900 kr

**TILBOÐSVERÐ: 25.900 kr**

## Magnaðar myndavélar á tilboðsverði –

**OLYMPUS**  
E-410

Öflug, fislétt og nett.

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Rykfrjár myndir (Dust Reduction System)
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000 – 60 sek, Bulb
- Tekur allt að 3 ramma á sekúndu
- 21 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið

● **TVÆR LINSUR:**  
14–42 mm og 40–150 mm

Verð: 74.900 kr

**TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr**



3ja ára ábyrgð á öllum  
**OLYMPUS** myndavélum  
hjá ORMSSON

VELDU ÞÉR

**OLYMPUS**

**ORMSSON**

ORMSSON  
SÍÐUMÚLA 9  
SÍMI 530 2800

ORMSSON  
SMÁRALIND  
SÍMI 530 2900

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
MODEL-AKRANESI  
SÍMI 431 3333

ORMSSON  
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
VÍK-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
VÍK-REYÐARFIRÐI  
SÍMI 474 1477

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

## Rekstrarvörustyrkir RV 2008

RV veitir árlega styrki til félaga og samtaka sem sinna þörfum samfélagsverkefnum og leggja alúð við umhverfi sitt. Styrkirnir eru í formi vöruúttekta hjá RV sem styrkþegar geta nýtt vegna reksturs eða til fjáröflunar.

Í ár verða veittir þrjú rekstrarvörustyrkir og þurfa umsóknir um þá að berast á netfangið [styrkir@rv.is](mailto:styrkir@rv.is) fyrir 18. maí nk.

Í umsókn skal gerð grein fyrir þeim félögum sem sækja um styrk og verkefnum sem njóta eiga góðs af styrkveitingu.

**Tilkynnt verður um val á styrkþegum þann 5. júní nk. á heimasíðu fyrirtækisins.**

RV er sérhæft dreifingarfyrirtæki sem sinnir þörfum fyrirtækja og stofnana fyrir almennar rekstrar og hreinlætisvörur. RV leggur sérstaka áherslu á heildarlausn hreinlætis- og öryggismála, svo og hjúkrunarvörur fyrir stofnanir og einstaklinga. Fyrirtækið var stofnað 18. maí 1982. RV á og rekur fyrirtækið RV Unique í Röðekro á Suður-Jólandi. RV Unique þjónar viðskiptavinum í Danmörku og Norður-Þýskalandi.

Nánari upplýsingar  
á heimasíðu RV:  
[www.rv.is](http://www.rv.is)

Rekstrarvörur  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



RV/INGBIE 040803

Samkomulag stjórnarflokkanna í Pakistan:

## Dómarar snúa aftur

**PAKISTAN, AP** Hæstaréttardómararnir sem Pervez Musharraf, forseti Pakistans, rak úr embætti á síðasta ári munu taka við embættum sínum á ný 12. maí næstkomandi.

Nawaz Sharif, sem er fyrrverandi forsætisráðherra og leiðtogi annars stærsta flokksins í núverandi ríkisstjórn, skýrði frá þessu að loknum löngum samningaviðræðum hans og Asifs Ali Zardari, núverandi forsætisráðherra, um það hvernig hægt yrði að hrinda þessu í framkvæmd.

Leiðin sem farin verður er sú, að þingið samþykkir ályktun um að dómararnir snúi aftur, og þá getur forsætisráðherra sam-



**PERVEZ MUSHARRAF** Endurkoma reknu dómaranna gæti gert honum ókleift að sitja mikið lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

dægurs veitt þeim embættin á ný.

- gb

### Governing Goes Green

NAME	GOALS	GOALS
Barack Obama	Reduce greenhouse gas emissions by 17% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 82% by 2050.
Mitt Romney	Reduce greenhouse gas emissions by 15% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 80% by 2050.
Chris Christie	Reduce greenhouse gas emissions by 10% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 75% by 2050.
Gov. Jon Corzine	Reduce greenhouse gas emissions by 10% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 75% by 2050.
Gov. Mark Warner	Reduce greenhouse gas emissions by 10% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 75% by 2050.
Gov. Tim Wainwright	Reduce greenhouse gas emissions by 10% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 75% by 2050.
Gov. Mark Dayton	Reduce greenhouse gas emissions by 10% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 75% by 2050.
Gov. Mark Dayton	Reduce greenhouse gas emissions by 10% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 75% by 2050.
Gov. Mark Dayton	Reduce greenhouse gas emissions by 10% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 75% by 2050.
Gov. Mark Dayton	Reduce greenhouse gas emissions by 10% by 2012.	Reduce greenhouse gas emissions by 75% by 2050.

**GRÆN FORYSTA** Íslenski forsætisráðherrann er hér í hópi „tíu lykilleikmanna“ í nýju grænu heimsbyltingunni sem Newsweek segir að fylgjast beri með.

## Grænir leiðtogar læri af Íslandi

Í nýjasta hefti vikuritsins Newsweek er athygli vakin á árangri Íslands í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og möguleikunum á útbreiðslu þessa árangurs.

**UMHVERFISMÁL** Í forsíðuumfjöllun bandaríska fréttavikuritsins Newsweek um „umhverfismál og forystu“ segir að þeir leiðtogar landa heims sem vilji sýna og sanna að þeim sé alvara með að vilja framfylgja nútímalegri umhverfisverndarstefnu hefðu gott af því að „líta í norður“ til Íslands.

„Á Íslandi, landi sem er betur þekkt fyrir þorsk en nýjustu umhverfistækni, koma 80 prósent orkunotkunar frá endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafls- og jarðhitavirkjunum,“ segir þar. Rakið er að þetta sé afkastur áratuga uppbyggingar og nú vilji íslenska ríkisstjórnin flytja þessa þekkingu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa út.

Með stuðningi stjórnvalda séu íslensk fyrirtæki að fara með sérþekkingu sína á þessu sviði til staða eins og Djíbútí, Kína og Suður-Kaliforníu.

„Þótt Ísland kunnir með ríkulegum náttúrulegum orkulindum

sínum og fáu íbúum að vera í einstakri aðstöðu gætu leiðtogar annarra þjóða fengið eina eða tvær góðar hugmyndir með því að bóka far til Reykjavíkur,“ skrifar Newsweek.

Blaðið segir íslensku ríkisstjórnina fjárfesta í rannsóknum sem miða að því að efla sérþekkingu Íslendinga á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Hins vegar er sagt vera spurningarmerki yfir því að hve miklu leyti önnur lönd geti leikið það eftir sem gert hefur verið hér á landi, einkum að því er varðar nýtingu jarðhita.

Í greininni er einnig rakið hvernig umhverfismál og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum hafa stórlega vaxið að mikilvægi í hugum kjósenda út um allan heim. Sú hugarfarsbreyting þrýsti á stjórn mála-leiðtoga, þar á meðal George W. Bush Bandaríkjaforseta, að koma sér upp „grænum trúverðugleika“.

audunn@frettabladid.is

## Háskólinn á Akureyri Lögfræði B.A./M.L.



- ALÞJÓÐLEG ÁHERSLA
- LOTUKENNSLA OG SÍMAT

- FRAMÚRSKARANDI KENRARAR
- LITLIR NÁMSHÓPAR



Sara Halldórsdóttir,  
nemi á lokaári í B.A.-námi  
Fór í einn vetur sem  
skiptinemi til Kína



Vigdís Ósk Sveinsdóttir,  
nemi í lokaári í M.L.-námi  
Fulltrúi hjá  
Lögmonnum Höfðabakka



Ingólfur Friðriksson,  
B.A. í lögfræði 2006  
Starfar hjá fastanefnd  
Íslands í Genf

**MÓTTAKA UMSÓKNA ER HAFIN  
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ**

Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

Kynntu þér nám við Háskólann á Akureyri  
á [www.haskolanam.is](http://www.haskolanam.is)

Norðurlönd bregðist við aðstreymi sígauna:

## Vilja losna við betlarana

**NORÐURLÖND** Norðurlandþjóðirnar ætla að vinna saman að því að finna lausn á vandamálinu með erlenda sígaunabetlara í löndunum. Bo Lindroos, sendirádsmaður Finna í Stokkhólmi, hefur lagt til að Norðurlandþjóðirnar vinni saman að því að þrýsta á Rúmeníu í gegnum Evrópusambandið, að sögn Helsingin Sanomat.

Harmóníkuleikandi sígaunar frá Rúmeníu flæða nú yfir Finnland og Svíþjóð og stöðugt fleiri þeirra leita á náðir félagslega kerfisins í Svíþjóð. Yfirvöld í löndunum eru óánægð með þróunina, sérstaklega vegna þess kostnaðar sem sígaunarnir valda félagslega kerfinu.

Borgaryfirvöld í Helsinki




**SPILA Á GÖTUM** Sígaunar frá Rúmeníu flæða yfir Svíþjóð og Finnland, leika þar á hljóðfæri og þigga peninga fyrir.

hyggja á herferð í Rúmeníu til að upplýsa íbúa þar um að betlarar fái ekki félagslega aðstoð í Finnlandi og að betlarabörn verði sett á fósturheimili.

- ghs



Áttu von á gestum.....



Recor Collection svefnsófar  
með heilsudýnu



Tilvalið í sumarbústaðinn.  
Fullur salur af nýjum línunum, litum og áklæðum.

Aðeins 15sek. í uppsetningu

Vortilboð á svefnsófum



6 mánaða  
vaxtalaus  
lán í maí

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**Betra**  
**BAK**



**HANGIKJÖT Í MORGUNSÁRIÐ** Þessi maður festi kaup á hangikjöti með uppstúfi frá 1944 og gæddi sér á kræsingunum köldum fyrir utan verslunina.



**SLAGSMÁL** Sjúkrabíll var kvaddur á vettvang eftir slagsmál á skemmtistaðnum Hressó.



**VILJA BJÖR Í BÚÐIRNAR** Þær Jóhanna Dagbjört Gilsdorf og Guðný Kristjánsdóttir keyptu sér sigarettur, langlokur og mjólk, en vildu gjarnan að sala bjórs væri leyfð í búðinni. Þær voru á þeirri skoðun að sólarhringsopnun verslana væri góð og gild, en þó ekki í miðbænum.



**VILL MEIRI SAMVINNU** „Litlar þægindaverslanir sem eru opnar allan sólarhringinn eins og þessi eru reknar úti um allan heim. Ég trúi ekki öðru en það sé mögulegt á Íslandi eins og annars staðar,” segir Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri 10-11.

## Miðbærinn suðupottur fyrir villimennsku

Þeir Ari Júlíus Árnason og Jóhannes Ingibertsson sögðu mikið hungur draga sig í verslun 10-11 klukkan fimm á laugardagsnóttu. „Við komum alltaf hérna eftir bæjarferðir um helgar til að kaupa okkur samlokur að borða. Þessi búð er fyrirtaks síðasta stopp á leiðinni heim.“ Aðspurðir sögðust þeir endrum og eins verða varir við einhver vandræði inni í búðinni, en segja öryggisverðina greiða úr þeim jafnharðan. „Í miðbænum safnast allir saman eftir fylliri og þetta er auðvitað suðupottur fyrir villimennsku og vitleysu, en sjálfir höfum við ekki lent í neinu slíku,” segja þeir Ari og Jóhannes.



**SVANGIR** Ari Júlíus Árnason og Jóhannes Ingibertsson.



**GRÍÐASTAÐUR** Heldur var farið að fækka í miðbænum þegar klukkan var farin að ganga sjö um morguninn. Þeir fáu sem eftir voru söfnuðust saman fyrir framán 10-11.

# Laugardagsnótt í 10-11

Í síðasta mánuði var þrisvar veist að öryggisvörðum verslunarinnar 10-11 í Austurstræti. Í kjölfarið hefur skapast umræða um afgreiðslutíma verslunarinnar. Fréttablaðið kannaði málið aðfaranótt sunnudags og komst að því að ýmis vandræði í Austurstræti skiluðu sér ekki inn fyrir dyr 10-11.

**BORGARMÁL** Verslun 10-11 í Austurstræti hefur opið allan sólarhringinn, alla daga vikunnar. Þrisvar sinnum var veist að öryggisvörðum að störfum í búðinni í síðasta mánuði. Í einu þessara tilfella var um mjög alvarlega árás að ræða, en þá var öryggisvörður sleginn með flösku í höfuðið með þeim afleiðingum að blæddi inn á heila hans. Manninum líður að sögn vel og mikil mildi þykir að ekki fór verr en á horfðist. Hin tvö tilvikin voru ekki eins alvarlegs eðlis, en hafa þó vakið ýmsar spurningar varðandi það hvort forsvaranlegt sé að hafa sólarhringsopnun á svo varasömu svæði sem miðborgin er um helgar. Hefur Geir Jón Þórisson yfirlög-regluþjónn meðal annars lýst því yfir í fjölmiðlum að hann telji ómögulegt að

afgreiðslutíminn fái að standa óbreyttur.

Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri 10-11, telur breyttan afgreiðslutíma ekki fela í sér neina langvarandi lausn. „Það er engin lausn að skella í lás og gefast upp vegna örfárra svartra sauða. 99 prósent kúnna í þessari verslun haga sér eins og fólki sæmir, og það er mikil eftirspurn eftir þeirri þjónustu sem við veitum. Ég hef fulla trú á því kerfi sem við vinnum eftir, en mun hitta Stefán Eiríksson lögreglustjóra á fimmtudaginn til að ræða betri samvinnu milli lögreglu og þjónustuaðila í miðbænum.“

Talsverð ölvun var í miðbænum þegar blaðamann Fréttablaðsins bar að garði seint aðfaranótt sunnudags. Nokkuð var um líkamsmeiðingar innan og utan

skemmtistaða í Austurstræti en vandræðin skiluðu sér ekki inn í verslun 10-11. Sex öryggisverðir frá Öryggisgæslunni voru á vakt í búðinni, auk eins starfsmanns 10-11. Þurftu þeir heldur lítið að skipta sér af viðskiptavinum, utan stöku atvika þar sem mönnum var meinaður aðgangur, ýmist vegna þess að þeir höfðu meðferðis áfengi eða gerðu sig seka um að ónáða aðra viðskiptavini. Heilt á litið höguðu viðskiptavinir sér vel og var létt í fólki. Einhverjir grínuðust með vandræðin sem nýlega hafa átt hafa sér stað í versluninni og þegar lögregluþjónn renndi upp að skemmtistaðnum Hressó til að hafa hendur í hári árársarmanns heyrðust margir kalla: „Gas! Gas!“ í átt að lögreglumönnum.

kjartan@frettabladid.is

## Öryggisvörður í 10-11: Varð vitni að alvarlegri árás

„Öryggisverðir utan af landi eru oft og tíðum ansi lagnir við að tala erfða kúnna til,” segir Snorri Guðjónsson, vaktstjóri hjá Öryggisgæslunni, en sjálfur kemur hann frá Seyðisfirði. „Í minni bæjum úti á landi eru öryggisverðir að kljást við fjölskyldu, vini og jafnvel kennara í vinnunni og læra þannig að beita díplómátskum aðferðum við að róa málin.“

Snorri varð vitni að alvarlegri árás á öryggisvörð í 10-11 fyrir um mánuði. „Ég stóð við hliðina á honum þegar hann var sleginn og náði árársarmanninum. Auðvitað var öllum brugðið en jafnframt ákveðin í að láta þetta ekki á sig fá. Ég kann vel við mig í þessu starfi og samvinnan milli 10-11 og Öryggisgæslunnar er til fyrirmyndar.“



**UTANBÆJAR-MAÐUR** Snorri Guðjónsson vaktstjóri.

**OPUS**allt



Ópusallt er öflugur viðskiptahugbúnaður fyrir fyrirtæki sem hafa þörf fyrir sveigjanlegt sölu- og birgðakerfi, gott verkþókhald auk allra almennra eiginleika góðrar og reyndrar viðskiptalausnar. Ópusallt er í notkun hjá fjölda fyrirtækja sem þarfnast viðskiptahugbúnaðar sem auðveldlega aðlagast breyttu rekstrarumhverfi.

[www.opusallt.is/kynning](http://www.opusallt.is/kynning)

## Ópusallt er öflugt



## Kynningarfundur um

# MEISTARANÁM

## Í VERKEFNASTJÓRNUN

Priðjudaginn 6. maí kl. 16:30 í Námunni,  
sal Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7.

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimspektir kennarar á sviðinu.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

### MEÐAL NÁMSEFNIS

- |  |   |
|--|---|
| ■ Stefnumótun og sóknaráætlun                            | ■ Upplýsingar og upplýsingatækni í verkefnum                    |
| ■ Verkefnaleiðtoginn: Sjálfsskilningur, þroski og þróun  | ■ Samningar í verkefnum: Samningagerð, deilu- og áfallastjórnun |
| ■ Raunhæft verkefni: Undirbúningur, framkvæmd og lúkning | ■ Arðsemi og fjármögnun verkefna                                |
| ■ Verkefnaleiðtoginn: Siðfræði verkefnastjórnunar        | ■ Verkefnateymi og aflfræði hópa                                |

### ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI

- B.A./B.S./B.Ed. eða sambærilegt
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg

Umsóknarfrestur  
er til 20. maí



VERKFRÆÐIDEILD  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Flugstöðvarbygging sem dugar fyrir Ólympíuleika

Gestir á Ólympíuleikunum í Peking í sumar heimsækja eina stærstu flugstöðvarbyggingu heims.

**Flugstöðvarbygging 3**  
Kínversk drekaskreyting

**Stærð:** 3 km að lengd, 1,3 milljóna fermetra heildargólfblötur

**FJÖLFÖRNASTU FLUGVELLIR HEIMS**  
Milljónir farþega jan.-okt. 2007

Atlanta	74,9
O'hare, Chicago	64,5
London Heathrow	57,4
Tokyo Haneda	55,4
Los Angeles	51,9
Paris CDG	50,7
Dallas-Fort Worth	50,1
Frankfurt	46,0
Beijing	45,5
Madrid	43,9

**Bygging 3E**  
Millilandflug

**Flugvélar:**  
120 hlið og 73 stæði

**Bygging 3C**

**Smálestir**  
Þriggja mínútna ferðir milli bygginga 3C og 3E

**Bygging 3A:**  
Aðalinngangur, innritun og innanlandsflug

Ólympíu-svæðið Peking-flugvöllur



**Farangursmóttaka**  
Ræður við meira en 19.000 töskur á klukkustund. Farangur til reiðu innan fimm mínútna frá lendingu

**Umferðarmiðstöð**  
Lestarstöð, tenging við jarðlestarkerfi Pekingborgar og bílastæði fyrir 7.000 bifreiðar

© GRAPHIC NEWS


Tiananmen-torg

Heimildir: Alþjóðaflugvöllurinn í Peking, Alþjóðasamtök flugvalla, Foster-arkitektastofan



ÓLYMPIUKYNDILLINN AÐ LENDA Í lok mars lenti þessi flugvél á vellið í Peking með Ólympíueldinn innanborðs.

NORDICPHOTOS/AFP



UMFERÐARMIÐSTÖÐIN Við hlið nýju flugstöðvarbyggingarinnar er stór umferðarmiðstöð með tengingu við jarðlestarkerfi borgarinnar.

NORDICPHOTOS/AFP

# Flugstöðvarbyggingin mikla í Peking

Flugstöðvarbyggingin í Peking var tekin í notkun í lok apríl. Byggingin er sú stærsta í heimi. Hún er tvöfalt stærri en Pentagon, bygging bandaríska varnarmálaráðuneytisins í Washington. Vinna við bygginguna tók aðeins fjögur ár og þykir það afrek út af fyrir sig.

**KÍNA** Nú í lok mars var ný flugstöðvarbygging tekin í notkun í Peking. Þessi bygging er engin smásmíði, milljón fermetra gólfblötur og getur tekið á móti 50 milljón farþegum á ári.

Byggingin mun vera sú stærsta í heimi, helmingi stærri en Pentagon, bygging bandaríska varnarmálaráðuneytisins í Washington þar sem 25 þúsund manns

mæta til vinnu á degi hverjum.

Kínverjar hafa lagt mikla áherslu á að Ólympíuleikarnir, sem haldnir verða í Peking í sumar, styrki ímynd landsins út á við.

Sú ímyndarbarátta hefur engan veginn gengið upp. Tíbetar og fólk um heim allan sem ber hag Tíbeta fyrir brjósti hefur óspart notað Ólympíuleikana til að minna

á framferði Kínverja gagnvart Tíbetum. Athyglin hefur beinst að mannréttindabrotum kínverskra stjórnvalda og sjálfir leikarnir virðast orðnir aukaatriði.

Kínverjar hafa lagt gífurlega vinnu í að gera allt sem best úr garði fyrir Ólympíuleikana. Byggt hefur verið glæsileg íþróttahöll í Peking, fuglshreiðrið

svonefnda, og fleiri íþróttamannavirki hafa verið reist sérstaklega fyrir leikana í sumar.

Flugvöllurinn í Peking hefur lengi verið einn sá fjölfarnasti í heimi. Um hann fóru 45 milljónir manna fyrstu tíu mánuði síðasta árs. Kínverjar reikna með að meira en hálf milljón manna leggi leið sína til Peking í tilefni af leikunum. Og réðust þess vegna í það

stóra verkefni að reisa þar hina nýju flugstöðvarbyggingu.

Bretanum James Foster og arkitektastofu hans var falið að hanna bygginguna. Þetta er ein þekktasta arkitektastofa í heimi, hefur á afrekaskrá sinni hvert glæsiverkið á fætur öðru, og er afar stolt af þessu nýjasta verki sínu. Segir flugstöðvarbygginguna miklu í Peking ekki aðeins þá

# SUMMARÚT

## MJÖG TAKMARKAÐ MAGN



# 89.900

Acer TravelMate 5520


AMD tveggja kjarna örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 120GB SATA harður diskur, ATI Radeon X1250 skjákort, Windows Vista Home Premium



# 179.900

Samsung 40" LCD

Glæsilegt háskerpusjónvarp frá Samsung. 40.000 krónum ódýrara en hjá samkeppnisaðila!



FLOTTUR PAKKI!



# 99.900

HP tölva + skjár + prentari

Flottur pakki frá HP, borðtölva með tveggja kjarna örgjörva, 2GB vinnsluminni, nVidia GeForce 7500 skjákort, 320GB harður diskur. HP 19" LCD skjár með 1440x900 upplausn. HP fjölnotatæki sem prentar, skannar og fjölfaldrar.

OPNUM KL 10:00



**HÁTT TIL LOFTS OG VÍTT TIL VEGGJA** Nýja flugstöðvarbyggingin í Peking þykir glæsilegt mannvirki. NORDICPHOTOS/AFP

fullkomnustu í heimi hvað tækni-hliðina varðar heldur er fullyrt að hvergi í heimi geti flugfarþegar átt von á betri upplifun í flugstöð.

Til að mynda er lögð mikil áhersla á að farangur farþega skili sér fljótt og vel úr flugvél inn í bygginguna. Aðeins fimm mínútur eiga að líða frá því flugvél lendir þar til töskurnar eru tiltækar á færibaldi fyrir farþegana.

Vinna við bygginguna hófst árið 2003 og hefur vinnan aðeins tekið rúm fjögur ár, sem þykir afrek út af fyrir sig.

Allt hefur gengið snurðulaust fyrir sig síðan byggingin var tekin í notkun fyrir aðeins viku. Engar fréttir hafa borist af vandræðum á borð við þau sem fylgdu nýju flugstöðvarbyggingunni á Heathrow í London, sem tekin var í notkun í vetur. Þar urðu farþegar fyrir stöðugum töfum og flest gekk á afturfótunum lengi vel.

Vandræði Kínverja í tengslum við Ólympíuleikana hafa einkum tengst Ólympíukyndlinum og ferðalagi hans um heiminn síðustu vikurnar. Honum hafa fylgt

mótmæli hvert sem hann fer, allt frá því kveikt var á honum í Grikklandi í mars síðastliðnum.

Víðtæk mótmæli í Tíbet og harðar aðgerðir kínverska hersins og lögreglu gegn þeim mótmælum hafa einnig varpað stórum skugga á mynd Ólympíuleikanna. Tugir ef ekki hundruð manna eru sögð hafa látið lífið í þeim átökum.

Sjálfir Ólympíuleikarnir nálgast hins vegar jafnt og þétt. Í dag hefst sala aðgöngumiða á leikana og ljóst er að kínversk stjórnvöld leggja enn sem fyrr alla áherslu á að um þá ríki friður.

Síðan fyrir helgi hefur Ólympíukyndillinn verið í Kína, þar sem stjórnvöld ætla að gæta þess betur en önnur ríki að halda öllum mótmælendum fjarri. Engar truflanir verða liðnar sem varpað geta frekari skugga á hina glæstu mynd Ólympíuleikanna í Kína.

Kínversk stjórnvöld eru meira að segja farin að ræða á ný við fulltrúa Dalai Lama, hins andlega leiðtoga Tíbetbúa. Í gær voru fyrstu viðræðurnar og sögðust Kínverjar bjartsýnir á áframhaldið. gudsteinn@frettabladid.is



## TÆKNIFRÆÐI VIÐ HR

### HAGNÝTT NÁM - FRÁBÆR ATVINNUTÆKIFÆRI

Boðið er upp á nám í

#### Rafmagnstæknifræði

Rafmagnstæknifræði er spennandi og einkar viðfermt háteknisvið. Starfssvið rafmagnstæknifræðinga er fjölbreytt, hvort heldur sem unnið er við hönnunarverkefni, framkvæmdir eða stjórnun og eftirlit.

#### Vél- og orkutæknifræði

Námið byggist á bóklegum námskeiðum og vinnu nemenda í raunhæfum verkefnum í tengslum við véla- og orkuviðbúnað, m.a. undir leiðsögn sérfræðinga úr atvinnulífinu. Starfssvið vél- og orkutæknifræðinga er fjölbætt, s.s. störf við stjórnun, eftirlit, ráðgjöf, hönnun og þróun.

#### Byggingartæknifræði

Í byggingartæknifræði er fengist við hönnun mannvirkja og framkvæmdir á borð við húsbýggingar, vegagerð og virkjanir. Flestir byggingartæknifræðingar starfa sem hönnuðir á verkfræðistofum eða sem stjórnendur byggingarframkvæmda hjá verktafyrirtækjum eða sveitarfélögum.

Umsóknarfrestur er til 30. maí  
Kynntu þér námið á [www.taeknifraedi.is](http://www.taeknifraedi.is)

FRAMTÍÐIN ER  
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
SKOOLANNA 4 101

# TSALA

**69.900**

Acer Extensa 5220

Intel örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 80 GB harður diskur

**6.900**

Panasonic 8070 sími

Práðlaus sími frá Panasonic sem dregur 50 til 300 metra

#### SÝNINGARVÉLAR

**Aðeins eitt stykki af hverri týpu**

##### Acer TravelMate 4502

Intel örgjörvi, 256MB vinnsluminni, 40GB harður diskur.

**Tilboð: 29.900**

##### Acer Aspire 3102

AMD örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 100GB harður diskur.

**Tilboð: 39.900**

##### Acer TravelMate 2424

Intel örgjörvi, 512MB vinnsluminni, 60GB harður diskur.

**Tilboð: 39.900**

##### Acer Aspire 3693

Intel örgjörvi, 512MB vinnsluminni, 80GB harður diskur.

**Tilboð: 49.900**

##### Acer TravelMate 5103

AMD tveggja kjarna örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 120GB harður diskur.

**Tilboð: 59.900**

**svar) tækni**



# Varðhundur heimsfriðarins

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur rúmar heimildir til að grípa til aðgerða til að tryggja heimsfriðinn. Pólitíkin innan ráðsins litast þó verulega af neitunarvaldi ríkjanna fimm sem eiga fast sæti í ráðinu. Mikill þrýstingur er á ríkin fimm að beita ekki neitunarvaldi nema í neyð. Skorti samstöðu innan ráðsins getur það haft slæmar afleiðingar, eins og gerst hefur í Darfúr.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna varð til í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar, og hefur það hlutverk að varðveita heimsfrið og öryggi. Ráðið er þó síður en svo óumdeilt, og hefur verið tekist á um breytingar á því innan Sameinuðu þjóðanna (SP) í á annan áratug.

Til þess að varðveita heimsfriðinn hefur öryggisráðið rúmar heimildir til aðgerða. Fyrsta skrefið sem ráðið tekur er þó yfirleitt að rannsaka mál sem ógna friði og stöðugleika og geta leitt til milliríkjadeilna.

Ráðið getur hvenær sem er mælt með því að deilendur grípi til aðgerða til að leysa málið, en hefur þó mun öflugri tæki sem það getur beitt. Öryggisráðið getur þannig ákveðið að senda verði friðargæslulið á átaksvæði eða að grípa til efnahagsþvingana eða annarra efnahagslegra refsiaðgerða.

Óflugasta úrræði ráðsins er að heimila sameiginlegar hernaðaraðgerðir ríkja SP. Slíkar hernaðaraðgerðir voru til að mynda heimilaðar gegn Írak í kjölfar innrásar landsins í Kúveit árið 1991. Bandaríkin sóttu það fast að fá viðlíka heimildir til innrásar í Írak árið 2003, en fengu ekki.

Öryggisráðið hefur þó að sjálfsgöðu enga friðargæsluliða og engan her, heldur verður að treysta á að aðildarríki SP grípi til þeirra aðgerða sem ráðið mælir fyrir um, hvort sem um er að ræða viðskiptaþvinganir eða hernaðaraðgerðir.

## Vilja samstöðu innan ráðsins

Fimmtán ríki sitja í öryggisráðinu hverju sinni. Þau geta öll lagt fram tillögur, og hafa jafnan atkvæðisrétt. Aukinn meirihluta þarf til að ráðið samþykki tillögur, nú ríki af fimmtán þurfa að samþykkja. Raunin er hins vegar sú að ríkin í ráðinu leggja sig fram eins og hægt er við að ná samstöðu innan þess um aðgerðir, segir Colin Keating, forstjóri Security Council Report.

Ráðið fundar reglulega, auk þess sem boðað er til aukafunda, oft með mjög skömmum fyrirvara, komi upp mál sem þarf að fjalla um. Ríkin skiptast á að gegna forsæti í ráðinu. Taki Ísland sæti í ráðinu verður það líklega í forsæti í febrúar eða mars 2009.

Fimm af ríkjnum fimmtán eiga fast sæti í ráðinu, og geta beitt neitunarvaldi innan þess. Þessi ríki eru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland.


Kosið er um tíu sæti í ráðinu til tveggja ára í senn. Ekki má kjósa ríki strax aftur í ráðið þegar setu þeirra er nýlökkið, alltaf þurfa að líða tvö ár á milli þess að ríki sitji í ráðinu. Ríki eru flokkuð í ákveðna hópa, og kosið eftir þeim í ráðið. Þannig eiga ríki Afríku þrjú sæti í ráðinu, ríki Suður-Ameríku og Karíbahafsins tvö, ríki Vestur-Evrópu og önnur ríki tvö, ríki Asíu tvö og Austur-Evrópuríki eitt.

Fimm kjörin ríki ljúka setu í ráðinu eftir árið í ár; Belgía, Indónesía, Ítalía, Panama og Suður-Afríka. Önnur fimm ríki ljúka setu eftir næsta ár; Búrkiná Fasó, Kostaríka, Króatía, Líbía og Víetnam.

Norðurlöndin hafa haft þá stefnu að eitt þeirra sitji í öryggisráðinu annað hvert tveggja ára tímabil. Frá því Noregur tók sæti í ráðinu á árunum 1949-1950 hefur keðjan haldist svo til óbrotin. Aðeins þegar Svíþjóð náði ekki kjöri árið 1992 varð hlé á.


## Næst tækifæri 2029 til 2030

Ísland býður sig nú fram í fyrsta skipti, en vegna framboðs Íslands frestuðu Finnar framboði, og þjóða sig nú fram fyrir tímabilið 2013-2014. Ísland keppir við Austurríki og Tyrkland um tvö laus sæti. Nái Ísland ekki sæti nú mun næsti gluggi í framboðum Norðurlandanna líklega ekki opnast fyrr en vegna árána 2029 til 2030.



FUNDUR ÖRYGGISRÁÐSINS Öryggisráðið fundar reglulega. Hér ræða fulltrúar ríkjanna fimmtán sem sitja í ráðinu útbreiðslu gjöreyðingarvopna á fundi ráðsins nýverið. MYND/SP/DEVRA BERKOWITZ

## Fjöldi ríkja í SP og hlutfall þeirra sem eiga sæti í öryggisráðinu



Neitunarvald fastaríkjanna fimm, hinna svokölluðu P5-ríkja, hefur mikil áhrif á starfsemi ráðsins og umræður innan þess. Til þess að skilja mikilvægi þess er gagnslítið að skoða tölur um þau tilviki sem því hefur verið beitt, segir Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá SP.


„Það felst gríðarlega mikið vald í neitunarvaldinu, ekki bara það sem hægt er að lesa út úr tölum,“ segir Hjálmar.

Fulltrúar allra ríkja í öryggisráðinu hafa neitunarvaldið alltaf í huga þegar fjallað er um mál, og þau undirbúin. Engar tölur eru til

um það hversu oft ríki hafi hótad að beita neitunarvaldi, eða gefið í skyn að þau gætu hugsad sér að beita því. Enn síður eru til tölur yfir þau skipti sem önnur ríki hafa hætt við að leggja eitthvað fram, eða lagt fram mjög breytta útgáfu, vegna þess að þau sáu fram á að neitunarvaldi yrði ella beitt.

Undanfarin ár hefur gagnrýni á neitunarvaldið aukist verulega innan SP. „Það er pressa á P5-ríkin að beita ekki neitunarvaldinu,“ segir Hjálmar. Því kjósi P5-ríkin yfirleitt að beita því aðeins í algerum undantekningartilvikum. Þrýst sé á þau að gera

## Fastaríkin fimm



### Bretland og Frakkland

Virkustu ríkin innan öryggisráðsins. Fulltrúar ríkjanna undirbúa stærstan hluta mála sem ráðið tekur fyrir, vinna obbann af vinnunni. Þau vilja að ráðið komi eins mikið við sögu og hægt er, og leggja áherslu á friðsamlegar lausnir og mannréttindi.



### Bandaríkin

Líta á öryggisráðið sem eitt af þeim tækjum sem ríkið hefur til að ná fram sínum stefnumálum á alþjóðavettvangi. Reiðir sig ekki á ráðið, en ef það getur hjálpað við að ná málum fram nota Bandaríkin ráðið. Hika ekki við að gagnrýna ráðið, ganga framhjá því og gera það að athlagi.



### Rússland og Kína

Vilja halda óbreyttu ástandi. Leggja engin mál fram, bregðast aðeins við því sem aðrir gera. Vinna því grímulaust að takmarka skaða af starfsemi ráðsins fyrir sig, og stjórna mjög af viðskiptahagsmunum. Gæta þess sérstaklega að ekki verði sett fordæmi sem síðar gætu snúið gegn þeim eða þeirra bandalagsríkjum.

Það aðeins þegar málið varði þjóðaröryggi viðkomandi ríkja.

„Það vilja allir nota Sameinuðu þjóðirnar sinni þjóð í hag, það verður að búast við því, þetta eru engin góðgerðasamtök,“ segir Swadesh M. Rana, sérfræðingur í málefnum SP hjá World Policy Institute. Þess vegna vilji P5-ríkin fá leiðitöm ríki í ráðið, eða ríki sem hafa svipaðar grundvallarskoðanir.

## Líta á kjörin ríki sem gesti

„Það er enginn vafi á því að fastaríkin fimm líta svo á að þau eigi öryggisráðið,“ segir Lars Faaborg-Andersen, sendiherra og annar fastafulltrúi Danmerkur hjá SP.

„Þau líta svo á að kjörnu ríkin hverju sinni séu gestir sem þægilegt sé að nota þegar hægt er, og hægt að hundska þegar það gengur ekki. Það þýðir ekki að kjörnu ríkin séu valdalaus. Þau hafa fyrst og fremst áhrif í málefnum sem eru óumdeild og fastaríkin hafa ekki áhuga á, eða ef fastaríkin eru ekki sammála um eitthvað,“ segir Faaborg-Andersen.

Á síðari árum er orðið algengara að P5-ríkin kjósi að sitja hjá frekar en að beita neitunarvaldinu. Það er afar óheppilegt fyrir öryggisráðið þegar ekki er samstaða innan þess um aðgerðir. Það hefur til dæmis verið raunin varðandi málefni Darfúr, þar sem yfirvöld í Súdan skáka í því skjóli að ekki er samstaða innan ráðsins vegna málsins, þar sem Kína og Rússland styðja engar aðgerðir vegna ástandsins í Darfúr.

Án samstöðu skortir á áhrifamátt þess sem ráðið ályktar um, því þá sjá deiluaðilar að það er engin samstaða um málið á alþjóðavettvangi, segir Johan C. Verbeke, fastafulltrúi og sendiherra Belgíu hjá SP.

## Breytingar ræddar í 15 ár

Mikil umræða hefur farið fram innan Sameinuðu þjóðanna (SP) á undanföllum árum um mögulegar breytingar á skipan öryggisráðsins. Sérstakur vinnuhópur hefur unnið að breytingum frá árinu 1994, án þess að nokkuð hafi breyst.

Mörgum aðildarríkjum SP þykir skipan ráðsins lýsandi fyrir heimsmyndina við stofnun þess árið 1946, ekki heimsmyndina eins og hún er í dag. Margar tillögur hafa komið fram. Sum ríki vilja fjölga fastaríkjnum, önnur vilja fleiri kjörin ríki í ráðið. Þá er deilt um hvort afnema beri eða takmarka neitunarvaldið.

Ísland hefur, eins og Norðurlöndin öll, stutt tillögu sem gerir ráð fyrir því að Indland, Japan, Þýskaland, Brasilía og tvö Afríkuríki fái fast sæti

í ráðinu, og að kjörnum ríkjum verði fjölgað, að því er fram kemur í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis frá 8. apríl síðastliðnum.

Málamiðlunartillaga gerir ráð fyrir því að föstum sætum verði ekki fjölgað, heldur verði til ný tegund kjörinna ríkja. Ríki sem verði kjörin til lengri tíma, fimm til tíu ára, og eigi kost á endurkjöri.

Breytingar á ráðinu þurfa að fá samþykki 2/3 hluta ríkja á allsherjarþingi SP. Talið er æskilegt að breyting á svo mikilvægu ráði SP fái samþykki því sem næst allra aðildarríkja.

„Líkindin á niðurstöðu á næstu misserum eru ekki mikil, hvað svo sem verður,“ segir Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá SP.

**FRÉTTASKÝRING**  
 BRJÁNN JÓNASSON  
 brjann@frettabladid.is

**FJÓRÐA GREIN AF FIMM**  
 Á morgun:  
 Seti í öryggisráðinu

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám í sumar! Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft  
CERTIFIED

PEARSON  
WE

PROMETRIC  
Testing Centre

Partner

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Tölvuþekking fyrir konur



Þetta einstaka námskeið er ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim konum sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennslu á námskeiðinu.

### Kennslugreinar:

- Tölvunotkun og stýrikerfið Windows
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.

Lengd: 60 stnd/40 klst. Verð: 44.900

Morgunnám hefst 19. maí, 4 dagar í viku

## Sumarskóli 9-14 ára



Þjóðum tvö frábærlega skemmtileg námskeið, í sumar, fyrir hressa krakka.

Nám í bland við útivist.

### Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára

Farið í myndaleiðangra og ljósmyndir teknar, myndirnar fluttar í tölvu og unnið úr þeim og þær síðan prentaðar eða settar á vefinn.

Vikunámskeið.

### Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára

Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða víðvél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum.

Vikunámskeið.

Lengd: 22 stundir/15 klst. hvort námskeið.

Kennt kl.9-12 eða 13-16.

Verð: Eitt námskeið: 18.900,-

Tvö námskeið: 29.900,- (Afsláttur gildir líka ef vinir eða systkini koma saman á námskeið).

Fyrstu námskeiðin hefjast 9. júní. Námskeið í júní og ágúst. **BÓKAÐU STRAX!**

## Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafræna myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Kvöldnám hefst 13. maí (19:30-22:30) og Síðdegisnám hefst 14. maí (16:15-19:15)

## Tölvufærni I • byrjendur



Við bjóðum frábært nýtt námskeið fyrir þá sem eru að stíga fyrstu skrefin inn í heillandi heim tölvunnar.

Námskeiðið er byggt á 22ja ára reynslu okkar af því hvað það er sem þarf til að yta úr vör og námskeiðið kenna reyndustu kennararnir okkar.

Meðal þess sem verður tekið fyrir á námskeiðinu er þetta:

- Gagnlegur fróðleikur um tölvu, tölvudiska, prentara og annan tölvubúnað.
- Gerð, prentun og vistun margs konar skjala. Skoðun ljós- og vídeómynda.
- Stýrikerfi tölvunnar, Windows, og hjálparforrit sem fylgja því.
- Töfraheimur Internetsins, fréttir, tölvupóstur, innkaup, spjall og fleira.

Með námskeiðinu fylgja þrjár íslenskar kennslubækur og minnskubbur til að geyma verkefni á og færa þau í eigin tölvu.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 24.500,-

Hikaðu ekki - bókaðu þig strax á námskeið!  
Ekki missa af þessu frábæra námi.

## Photoshop

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndun og prentun.

Lengd: 27 stundir/18 klst. Verð: 29.900

Nám hefst 26. maí (13:00-16:00)

## VUE, Prometric og ECDL

Taktu alþjóðlegt þekkingapróf hjá okkur og fáðu viðurkenningu sem leiðir til aukinna möguleika til starfs og náms á Íslandi og erlendis.

Í nánu samstarfi við alþjóðlegar prófmiðstöðvar VUE, Prometric og ECDL, og undir eftirliti þeirra, eru hvergi fleiri alþjóðleg próf í boði hér á landi fyrir fagfólk og almenning.

MCP, MCSA, CIA, GMAT, CISCO, CompTIA ofl.

Hafðu samband sem fyrst og kynntu þér þína möguleika til að skara fram úr með því að taka viðrkennt alþjóðlegt þekkingapróf hjá alþjóðlega viðurkenndri prófmiðstöð. ([www.tv.is/prof/](http://www.tv.is/prof/))

## Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára

Lærðu að búa til lifandi myndir, vefsíður með hreyfimyndum, teiknimyndir og leiki með Flash CS3. **Vikunámskeið.**

Lengd: 22 st/15 klst. Kennst kl.13-16:30.

Verð: 18.900,- Námskeið í júní og ágúst

## Excel I

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 24.500

Næstu námskeið: 19. maí og 9. júní (morgun)

### Gott að vita!

- ▶ VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ▶ **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- ▶ 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- ▶ Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ▶ Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

### Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu [www.tv.is](http://www.tv.is) til að fá meiri upplýsingar!

**TÖLVU- OG VERKFRÆÐIPIJÓNUSTAN**  
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

[www.tv.is](http://www.tv.is)

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • [tv@tv.is](mailto:tv@tv.is) • [www.tv.is](http://www.tv.is)

Staða breska Verkamannaflokksins veikist:

## Sterkir leiðtogar og breyskir menn

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Það eru nokkur tíðindi í breskum stjórnámálum að íhaldsmaðurinn Boris Johnson verður næsti borgarstjóri Lundúnaborgar um leið og flokkurinn kemst til valda í tólf nýjum sveitarfélögum víðs vegar um England og Wales.

Í fyrsta lagi á Boris Johnson litríkan feril að baki og hefur oft vakið athygli fyrir skrautlegt lífverni og djarfar yfirlýsingar. Það gefur til kynna að kjósendur vilji ekki alltaf sjá stjórnámamenn í fararbroddi sem hafa flekklausan feril, eins og rík krafa virðist um til dæmis í Bandaríkjunum. Kjósendur eiga að geta endurspeglad sig í stjórnámamönnum, sem eru breyskir eins og aðrir menn. Þeir gera mistök, misnota vímuefni og eiga misheppnuð hjónabönd að baki. En þeir þurfa ekki að vera óheidarlegir stjórnámamenn fyrir vikið. Umburðarlyndi kjósenda er meira en margir ætla í fyrstu.

Í öðru lagi er niðurstöður kosninganna til kynna að yfirburðir Verkamannaflokksins í breskum stjórnámálum séu loksins að dvína. Það er algengt að kjósendur noti tækifærið milli þingkosninga til að lýsa yfir vonbrigðum með ríkjandi ríkisstjórn. Mannfólkið sækist líka eftir ákveðnu valdajafnvægi.

Ólafur P. Harðarson, prófessor í stjórnámalfræði við Háskóla Íslands, lýsir þessu þannig í Fréttablaðinu í gær. „Verkamannaflokkurinn hefur átt í vissum innanflokksdeilum undanfarið og hefur því fallið í vinsældum. Á sama tíma hefur Íhaldsflokknum tekist að færa sig nær miðjunni og auka vinsældir sínar undir stjórn Davids Cameron. Það er því óhætt að segja að staða forsætisráðherra Gordons Browns sé ekki sterk í augnablikinu...“

Íhaldsflokkurinn er því að ná vopnum sínum aftur eftir að hafa átt erfitt með að fóta sig eftir langa sigurgöngu undir forystu Margrétar Thatcher, sem var forsætisráðherra Breta frá 1979 til 1990. Nú lítur út fyrir að Verkamannaflokkurinn muni eiga í svipuðum erfiðleikum með að ná hylli kjósenda eftir farsælan feril Tonys Blair í Downing-stræti 10.

Þótt ferill þessara stjórnámamanna sé glæsilegur féll skuggi á störf þeirra undir það stösta. Í fljótu bragði virðist það hafa einkennt starfslok fleiri sterkra leiðtoga víðsvegar í hinum vest-ræna heimi. Það má til dæmis sjá samsvörum þegar ferill Davíðs Oddssonar er skoðaður. Fáir vilja snúa af þeim vegi sem hann lagði á sínum pólitíska ferli sem forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Þó að einhverjir hafi gagnrýnt hann harðlega undir það síðasta skiptir stóra myndin máli eins og í tilfelli Thatcher og Blairs.

Stjórnámál snúast að miklu leyti um sterka foringja sem taka réttar ákvarðanir á erfiðum tímum. Slíkir tímar blasa við hér heima og erlendis næstu misserin. Því er tækifæri fyrir nýtt fólk að hasla sér völl í stjórnámálum hér heima eins og í Bretlandi.

Kynslóðaskipti í flokkforystu flokkanna á Alþingi eru í sjónmáli á næstu árum. Og það er pláss fyrir fólk með djarfar skoðanir sem er tilbúið að tala fyrir breytingum á grundvelli hugmyndafræðinnar. Því mun draga til tíðinda í íslenskum stjórnámálum eins og þeim bresku.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Nýir Tímar fram undan

Sturla Jónsson, bílstjóri og alþýðu-hetja, er óþreytandi við að berja á ríkisstjórninni og í nýrri blogg færslu lætur hann í það skína að hann hyggist færa mótmælaaðgerðir sínar af götunni og inn á æsilegan vettvang stjórnámálanna. „Nýir Tímar: Baráttufólk um bætt lífskjör“ er yfyrskrift pistilsins sem fjallar um almennt getuleysi stjórnvalda á öllum sviðum. „Erum við ekki að tala um Nýja Tíma?“ spyr Sturla.



#### Hvað með Frjálslynda?

Það er þó ekki víst að allir séu kátir með Nýju Tímanna hans Sturlu, því fáir hömpuðu framgöngu hetjunnar meira en framámennt úr röðum Frjálslynda flokksins. Þeir mættu í Norðlingaholtið til að sýna bílstjórum samstöðu, lýstu sig sammála málstað þeirra og ýtuðu að því í tíma og ótíma að Sturla væri á leið í stjórnmál. Það virtist eingöngu vera spurning um tíma hvenær Sturla yrði boðið sæti á lista þeirra fyrir næstu þingkosningar. Nú er það spurning um Nýja Tíma. Er vonar stjarnan hröpuð?

#### Úr dýrtingu í drottin

Í Sjálfstæðu fólki í gærkvöldi tjáði Sturla Jóni Ársæli Þórðarsyni að hann tryði á Guð. Hann sái hann í speglinum á hverjum morgni áður en hann færi í vinnuna. Óbreyttur verndardýrtingur vörubílstjóra varð þar að drottin sjálfum í einu vefangi. Vitaskuld dugir honum því ekkert minna en að leiða sjálfur hina heilögu baráttu gegn djöfullegri ríkisstjórninni.



stigur@frettabladid

## Í órétti

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, sagðist aðspurður í sjónvarpsfréttum varla geta sagt að hann skildi grein Helgu Jónsdóttur í Fréttablaðinu síðastliðinn föstudag. Þar vakti hún athygli á því að eiginmaður hennar sætti ákæru af hendi Ólafs fyrir að hafa valdið henni skaða þegar þau lentu í bílslysi – og voru í órétti.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Dómsmál

#### Refsigleði

Í grein sinni rakti Helga raunir hjónanna í kjölfar slyssins – þar sem hún var sú eina sem sláðaðist illa – og benti jafnframt á lagagrein þar sem segir að falla megi frá saksókn ef brot hafi valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluáæðum. Helga nefnir líka að ákæru sem þessi tíðkist ekki í öðrum umdæmum.

Fróðlegt væri að vita hvað var ofvaxið skilningi sýslumannsins í grein Helgu. Sjálfur átti ég í engum vandræðum með að skilja hana enda var hún sérlega skýr og rökföst, rituð á þrýðilegri íslensku, með stuttum og auðskiljanlegum setningum og algvæla við flókna málaþengingar sem gætu gert sýslumenn ringlaða. Ætli hitt sé ekki nær sanni að honum hafi fundist óskiljanlegt að svona grein skyldi yfirhöfuð skrifuð – að manneskj-an skyldi dirfast að mótmæla athöfnun hans. Það var engu líkara en að komið hefði á hann. Honum var að minnsta kosti um megn að standa fyrir máli sínu.

Eiginlega er bara eitt sem er óskiljanlegt í þessu máli öllu og það er framganga sýslumannsins. Slysið varð þegar maðurinn tók u-beygju úr vegarkanti en sá ekki aðvifandi jeppa. Að sjálfsögu „vanmat hann aðstæður“ eins og segir í ákæru og að sjálfsögu sýndi hann ekki „nægjanlega

aðgæslu“. Að sjálfsögu var þetta gáleysi. En er ekki nokkuð langt gengið að gera manninn að glæpamanni fyrir það og draga hann í dalk með strákum í Formúluleik?

#### Glæpavæðing slysa

Þetta er ekki eina dæmið um að framganga dómsvaldsins ofbjóði almenntri skynsemi. Þannig kom stórfurðulegt mál upp í mars síðastliðnum þegar móðir skólástúlku á Seltjarnarnesi var samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur látin greiða kennara tíu milljónir króna í bætur fyrir gjörðir barnsins. Kennarinn hafði hlotið höfuðáverka þegar hann hugðist vitja stúlkunnar inn í geymslu eftir að hún hafði flúið þangað undan skólasystkinum sínum – rennihurð skall á höfði kennarans með skelfilegum afleiðingum en skólinn var svo forsjáll að hafa ekki tryggt kennara sína fyrir slíkum áföllum. Skólinn var sýknaður af kröfum kennarans. Stúlkan er haldin Asperger-heilkenni og sögð sérlega hvatvís – en burtséð frá því ættu flestir að geta sett sig í spor hennar þar sem hún felur sig í geymslunni, hrædd og reið og alein í heiminum sem er vondur við hana.

Það að lögsækja barn er í sjálfu sér merkilægur vitnisburður um sálarástand en sjálft dómsorðið virkar algjörlega absúrd á mann: Hinn fjölskipaði dómur telur að stúlkan hafi þekkt muninn á réttu

og röngu og ekkert í málinu benti til þess að fötlun hennar hafi skert dómgreind hennar eða að vitsmunapróska hennar hafi verið minni en almennt hjá börnum á sama aldri. Ekkert liggir fyrir um það í málinu að stúlkan hafi ætlað sér að skella hurðinni á kennarann heldur sé líklegra að hvatvísni hennar hafi þar ráðið för eða reiði vegna þess að henni hafði sinnað við skólabræður sína.

(Þarna virðist dómurinn komast í mótsögn við sjálfan sig: hafi hvatvísni stúlkunnar ráðið för þá bendir það væntanlega til „að fötlun hennar hafi skert dómgreind hennar“.)

Á hinn bóginn hafi henni mátt vera ljóst að sú háttsemi hennar að loka hurðinni með afli væri hættuleg og hún hlýti að hafa gert sér grein fyrir því hversu alvarlegar afleiðingar sú háttsemi gat haft í för með sér. Því beri stúlkan skaðabótaábyrgð á tjóni kennarans.

Aftur á móti var skólinn sýknaður eftir að dómurinn hafði ráðfært sig við færustu sérfræðinga í virkni rennihurða – ekkert var að hurðinni og skólinn bar því enga ábyrgð. Ekki þótti dómurum hins vegar ástæða til að ráðgast við sérfræðing í sálarlífi barna eða Aspergerheil-kennis.

Það er samt ekki aðalatriðið: Foreldrar treysta skólum fyrir börnum sínum og eiga heimtingu á því að þar sé þeim skapað eins gott umhverfi og kostur er. Þar á ekki að koma upp sú staða að barn þurfi að flýja inn í geymslu undan jafnöldrum sínum – þar brást skólinn móður og barni. Ekki er hægt að una því að stelpa nýorðin ellefu, með Asperger-heilkenni, hrædd og reið eftir árásir skólafélaga, sé gerð að glæpamanni.

Kominn er tími til að dómsvaldið hætti þessari glæpavæðingu slysa.

## Krossferð borgarstjóra

#### UMRÆÐAN

Oddný Sturludóttir skrifar um skipulagsmál

Á laugardaginn var heimsótti borgarstjóri Oddnýr Sturludóttir í þeim tilgangi að hitta íbúa og spjalla um hverfið þeirra. „1, 2 og Reykjavík“ er heiti verkefnis sem skipulagt var í tíð Tjarnarkvartetsins, samráðsfundirnir voru lokahnykkurinn á því átaki. En heimsóknirnar umbreyttust í krossferð gegn skoðunum 14 borgarfulltrúa af 15, krossferð gegn samstarfsfólki borgarstjóra og krossferð gegn verðlaunatilöggu í hugmyndasamkeppni um framtíðaruppbyggingu í Vatnsmýri.

Það má öllum vera ljóst að Ólafur F. Magnússon borgarstjóri vill ekki að flugvöllurinn fari. Hann á sér ekki marga skoðanabræður í borgarstjórn og fundargestir á samráðsfundinum síðastliðinn laugardag voru komnir til að ræða Laugardalinn, Háaleit- ið og miðbæinn. Ekki úrslit í hugmyndasamkeppni sem fram fór í janúar og hefur í hvítvetna vakið fádæma jákvæða athygli. En borgarstjóri gerði sér lítið fyrir, dró upp kort af verðlaunatilöggunni og sagði höfunda hennar ekki bera nægilegt skynbragð á taktinn og þarfirnar í íslensku samfélagi – enda



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

væru þeir ekki íslenskir! Tillagan væri illa hugsuð skipulagslega, bæði hvað varðar samgöngu- og umferðarmál.

Þetta eru stór orð. Og hljóta að vera sérstaklega þungbær tveimur dómnefndarmönnum sem völdu þessa tillögu eftir þriggja ára setu í dómnefnd ásamt nafntog- uðum arkitektum og skipulagsfræðingum. Hvað segja borgarfulltrúarnir Hanna Birna Kristjánsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson sem völdu tillöguna úr hópi 136 tillagna, hældu henni í hástert og töldu hana kallast á við hið besta úr reykvískri skipulagsögu og byggingarlist?

Ætla borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins endanlega að láta ýta sér og sínum skoðunum út af borðinu af Ólafi F. Magnússyni? Var ekki gert samkomulag um annað? Munu þau ekki krefjast þess að hann dragi orð sín til baka? „1, 2 og Reykjavík“ var vel heppnað verkefni sett af stað til eflingar hverfalýðræðis í tíð Tjarnarkvartetsins. Þegar hillir undir lok þess hefur það umbreytt í krossferð þess eina borgarfulltrúa sem lokar augunum fyrir framtíð Reykjavíkur. Af hverju tók hann ekki af skarið og endurskírði verkefnið „1, 2 og Reykjavíkurflugvöllur“?

Höfundur er borgarfulltrúi.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). FULLTRÚI FRÉTTASTJÓRAR: Páll Baldvín Baldvínsson. VÍÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## Þú sparar á Orkustöðvunum

Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensinið er ódýrt þar.

www.orkan.is



SPÁDU Í HVAD ÞÚ SPARAR!



**Óróar** geta verið til mikillar þrýði bæði innan dyra og utan auk þess sem þeir gefa margir frá sér notaleg hljóð þegar röt kemur á þá. Þetta fallega akarn fæst í versluninni Gosbrunnar.is og kostar 2.990 krónur.



**Leikföng** sem ekki eru lengur í notkun er tilvalið að fara með í Sorpu þaðan sem þau fara í Góða hirðinn. Þegar öll börnin á heimilinu eru vaxin úr grasi er sjálfsagt að leyfa öðrum börnum að njóta uppáhaldsleikfanganna.



**Sumarvörur** af öllum stærðum og gerðum eru komnar í Ikea. Þeir sem eru komnir í sumarskap geta fundið garðhúsgögn, blóm og potta og útileguvörur á góðu verði í versluninni auk þess sem þar er að finna búsáhöld í öllum regnbogans litum.

# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ



**Fit•Pilates**

Sex vikna námskeið hefst 5. maí. Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 6.30 eða 12.05. Aðgangur að tækjasal fylgir.

**HREYFI GREINING**

SJÚKRAPJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT  
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



Frosti Friðriksson við notadrjúga hillu frá Vegagerðinni.

## Hilla fyrir lífið sjálft

Frosti Friðriksson er hrifinn af gömlum, skrítnum hlutum og fóstur lífsskipuleggjandi hillu frá Vegagerð ríkisins.

„Ég fékk þessa hillu hjá Vegagerðinni þegar ég var í Listaháskólanum að vinna listaverk í kúrsi hjá Halldóri Ásgeirssyni og þurfti að velja fyrirtæki í tengslum við verkið. Ég valdi Vegagerð ríkisins því mér þótti hún í senn spennandi og karlmannleg, og þar sem ég þvældist þar um með vinnuflokkum sá ég þessar hillur, fékk að eiga eina og notaði í verkið mitt,“ segir Frosti Friðriksson, myndlistarmaður og leikmynda-hönnuður hjá Þjóðleikhúsinu, inntur eftir því hvaða húsmunur heimilis hans er í mestum metum.

„Vegagerðin notaði þessar hillur í flestum vinnu-

skúrum við skipulagninu verkefna á sínum vegum, en þegar ég reyndi að falast eftir fleiri hillum seinna var búið að henda þeim öllum á haugana. Ég sá í hendi mér hversu hentug hillan væri til að skipuleggja líf sitt og vinnu, en einnig hreif mig strax hversu flott bæði smíðin og hönnunin er,“ segir Frosti sem enn hefur að mestu látið fyrir liggja að nota hilluna sem skyldi.

„Hillan hefur reyndar fjölbreytt notagildi og væri afbrigð fyrir póst og gamlar minningar. Þannig mætti setja gamlar myndir, leikskrár og fleira sem maður hefur upplifað í lífinu í „Verki lokið-hólfíð“, en „Næsta verk“ nú er fæðingarorlof í sumar; „Í vinnslu“ er uppsetning Skessuhellis með Norðanbáli í Reykjaneshæ; „Verk í bið“ er allt lífið fram undan, og „Verki lokið“ myndi þá vera leikmyndin í „Ástin er diskó, lífið er pönk“.“

thordis@frettabladid.is

**Þrautreynd vinnuvéladekk fyrir flestar gerðir vinnuvéla.**

# GALAXY

**Réttu dekin undir vélarnar!**

**Iðnaðarmynstur fyrir Traktorsgröfur og Skotbómulyftara**

**Afturdekk - felgustærðir 24 - 28 tommur.**

**Framdekk - felgustærðir 18 og 20 tommur**

**Flestar stærðir til á lager!**

**“TRAUST vara á góðu verði“**

**VÉLAVER**  
www.velaver.is

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600

**weber**

## – flott á veröndina

**weber** – mikið úrval af aukahlutum

Sölustaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmíðjan · Egg · www.weber.is

Genesis S310





**Nýr sjúkráþjálfari**

Sandra Dögg Árnadóttir sjúkráþjálfari Bc er komin aftur til okkar.

**HREYFI GREINING**  
SJÚKRÁÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT  
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

## Komum út að leika!

Sumarið er komið og við viljum út að leika. Garðyrkja ehf. – innflutningur er með mikið úrval af leiktækjum frá franska leiktækjafyrirtækinu Proludic.

Garðyrkja ehf. sérhæfir sig í vörum sem tengjast garðyrkju og umhverfinu. Eitt þeirra merkja sem fyrirtækið flytur inn er hið franska Proludic, sem framleiðir þroskandi leiktæki fyrir alla aldurshópa.

„Proludic er gamalt fyrirtæki og líklega annað stærsta leiktækjamerki í heiminum í dag. Við seljum mest á leikvelli og til húsfélaga og stofnana og aukast vinsældir þessara leiktækja með hverju ári,“ útskýrir Sveinn Ingi Sigurjónsson, sölumaður Garðyrkju.

Garðyrkja byrjaði sem verktafyrirtæki en eftir að það hóf innflutning og sölu á hinum ýmsu vörum breyttist fyrirtækið í verslun. „Það þarf að panta vörurnar að utan og það tekur svo um 5 vikur að fá þær til landsins. Við aðstoðum við uppsetningu ef þess er óskað.“

Proludic er ekki aðeins með leiktæki heldur einnig svokallaða sportlínu fyrir eldri krakka og fullorðna þar sem í boði eru útlíkamsræktartæki, sportvelli og hjólabrettapallar.

Þeir sem vilja kynna sér vörur Garðyrkju nánar er bent á heimasíðu fyrirtækisins, www.gardyrkjan.is klara@frettabladid.is



Garðyrkja hefur selt mikið af leiktækjum á rólúvelli og til húsfélaga.




Hægt er að fá leiktækin í ýmsum stærðum og ótrúlegustu gerðum.



**Vinnustaðir - íþróttahús**  
Eigum fyrirliggjandi ódýra, læsanlega skápa fyrir fót eða persónulega muni.

**Verðdæmi: 5 skápar í röð kr. 63.316**



**MECALUX**

**STRAUMUR HRADBERG**

Gjótuhraun 1, 220 Hafnarfjörður • Sími 544 5330  
Fax 544 5355 • straumur@straumur.is

**White-Westinghouse**



**ÞVOTTAVÉL**

- Toppblaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Auglýsingasími

**512 50 50**



– Mest lesið

## Meirapróf






**ÖKU SKÓLINN Í MJÖDD**

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300  
Næsta námskeið byrjar 7. maí



## GÓÐ RÁÐ fyrir þig og umhverfið

### Þvottahús - þvottavél

Hvað varðar orkunotkun þá eyða bæði þvottavélin og þurrkarinn miklu rafmagni. Það skiptir því máli að nota orkunýtna þvottavél. Orkumerkin Energy Star, Evrópska orkumerkið og GEEA hjálpa okkur að finna orkunýtnustu tækin.

- Mælt er með því að fjárfest sé í umhverfismerktri þvottavél sem er í orkklassa A.
- Ráðlagt er að nota umhverfismerkt þvottaefni án ilmefta og umhverfismerkt mýkingarefni.
- Best er að nota eins lítið af þvottaefni og hægt er skv. leiðbeiningunum. Íslenskt vatn leyfir þó minni skammta því það er ekki eins hart og í flestum löndum sem skammtastærðir eru miðaðir við. Gott er að hafa í huga að framleiðendurnir vilja líka kannski ekki að um

of sé sparað! Ágætt er að merkja á mæliskeiðar eða mælirör með tússi rétt magn þvottaefnis. Helmingur af ráðlögðum skammti dugur oftast til.

- Suðuþvott ætti aðeins að nota ef nauðsynlegt er. Bakteríur í bleium og nærfötum deyja við 60°C.
- Notaðu kaldasta þvottinn sem þú getur. Ef þú getur þvegið á 30°C í stað 40°C þá er það mikið betra fyrir umhverfið.
- Rafmagnsnotkun þvottavéla fer eftir hitastigi sem valið er og vatnsnotkuninni. Tvisvar sinnum meira rafmagn er notað þegar þvegið er við 90°C heldur en við 60°C en fjórum sinnum meiri við 90°C heldur en við 40°C.

Sjá meira um þvottahúsið á: <http://www.natturan.is/husid/1280/>



Nattúran.is - vefur með umhverfisvitund

# OUTLET SKÓZ

FISKISLÓD 75 101 REYKJAVÍK  
opnar eftir hringtölur

VERÐ 4.300.-KR.  
VERÐ 3.500.-KR.  
VERÐ 4.500.-KR.  
VERÐ 2.500.-KR.

LEIÐIN LIGGUR Á GRANDANN  
ÞÁÐ SEM FINNA MÓ LAGSINS BESTA HVERGIÐ

# HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

## RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

# Átt þú sælureit í sveit?

Dönsku frístundahúsin frá Scanwo eru framleidd samkvæmt ítrustu kröfum um gæði og verðlaunuð fyrir hönnun og fallegt útlit. Leiðið tilboða. Afhending 3 mánuðir. Scanwo sér um uppsetningu húsanna.



LAUSNINA  
FINNUR ÞÚ HJÁ  
SCANWO

[www.scanwo.dk](http://www.scanwo.dk) [scanwo@gmail.com](mailto:scanwo@gmail.com) s: 895 6811

Nú er

# Kjúklingastaðurinn Suðurveri

orðinn stóv

Alltaf góður!



Kjúklingastaðurinn  
★ Suðurveri ★



Allir gömlu góðu réttirnir og frábærar nýjungar

Komdu til okkar, taktu með eða borðaðu á staðnum



# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA

8-17

### BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLASALA REYKJAVÍKUR**



Til Sölu Nýr Suzuki Grand Vitara Disil Luxery með öllum búnaði verð kr 3.590.000.- út. Skoðum skipti á óðyrari. Upplýsingar á Bílasölu Reykjavíkur 587 8888 og 860 1998.

**Bílasala Reykjavíkur**  
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.  
Sími: 587 8888  
www.br.is

### Bílar til sölu



Ford F 350 Lariat 6,4 Diesel árg 2008 ekinn 27P km Toppluga leður einn með öllu. Verð 4,600 með VSK.S: 898-2811.



Toyota Rav 4 VX ssk. 06.2006. Mjög vel með farinn lítill ek. og vel útbúinn. Ekki átt áhvílandi. Uppl. í s: 770-4775.

### Bílar óskast

Óska eftir óðyrum bíl frá 20-60 þús. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 699 2707.

Óska eftir bíl, skoðuðum 09. Verð allt að 100.000 kr. Sími 8456503.

### Jeppar

**LAGERSALA JEPPAR**

**Fáðu Betra Tilboð!**

10% afbætur - Íslensk ábyrgð

islandus.com  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com



Wumag WS 250 Körubíll árg. 1990. Vinnusvið. Hæð 25 m og 16 m til hliðar Getum einnig útvegað fl vinnubíla, vagna og krabíla. O.K.Varahlutit s. 696 1050 & 696 1051.



Til sölu Man TGA 410 árg. '04, með Atlas terex 240 '06. Verð 14.5 m. + skattur. Uppl. í s. 693 7722.

Wumag WS 250 Körubíll árg. 1990. Vinnusvið. Hæð 25 m og 16 m til hliðar Getum einnig útvegað fl vinnubíla, vagna og krabíla. O.K.Varahlutit s. 696 1050 & 696 1051.



SUZUKI GSX R600 2004, 600cc. Gulur, Ekinn 15.600 þ. Verð: 890.000 B&L. BILALAND S. 575 1230



KTM EXC-F 4 stroke enduro 2007. Flott hjól á hvítum nr. Ekið ca 36tíma. 1oop. út + yfirtaka lán 755þ. S.6961656

**Arnarbílar**  
www.arnarbilur.is



HONDA VT1100 C2 SHADOW SABRE árg 2006, ek 1.þ km, Mjög fallett hjól á frábæru verði 855.þ stgr, Asett verð 1.050 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilur.is m: 111180 S: 567 2700.



Toyota Corolla '98 1600 beinsk. Ekinn 176 þ, Sumar/vetrardekk verð 270 þús. Uppl. í s.8400877

**LAGERSALA Fólksbílar**


**Fáðu Betra Tilboð!**

10% afbætur - Íslensk ábyrgð

islandus.com  
www.islandus.com - Sími 552 2000


Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com

### 0-250 þús.



FORD 500 Fæst gegn yfirtöku v/flutnina. ca: 35.þ pr/mán, 1. afborgun Ágúst. 5stjörnur í öryggi, sparmeytin og flottur lúxusbíll 18" felgur Einar Ben s:698-4030

### 250-499 þús.



Toyota Corolla station 98. ekinn 110 þ.km. ný timareim, ný skoðaður, góð sumar og vetrardekk. verð aðeins 350 þús. uppl. í síma 822-7574

### Húsbílar

**pallhýsi.is**

Til sölu gott úrval Pallhýsa.

Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl í síma 421-7922 eða Ágúst 864-0982, Jóhannes 896-2317 www.pallhýsi.is JS Campers ehf.



- Óðyr -  
VW Transporter '93 diesel sk. 09. Ek aðeins 118 þ. vaskur, hellur ofl. V. 750 þ. s. 844 5900.

### Fjór hjól

